

Knattspyrnusamband Íslands



2012

**67. ársþing KSÍ
Skýrsla stjórnar**

ÁVARP FORMANNS

Árið 2012 var á margan hátt gott fyrir íslenska knattspyrnu. Nýir og ferskir vindar léku um A landslið karla. Liðið var undir stjórn nýs þjálfara, Svíans Lars Lagerbäck, sem byggði upp lið með marga unga og efnilega leikmenn í aðalhlutverkum. Undankeppni HM sem fram fer í Brasilíu 2014 hófst sl. haust með 4 leikjum, 2 á heimavelli og 2 á útivelli. Íslenska liðið vann 2 leiki en tapaði 2 og er sem stendur í 3. sæti með 6 stig á eftir Sviss (með 10 stig) og Noregi (7 stig). Á eftir koma Albanía (með 6 stig), Slóvenía (3 stig) og Kýpur (3 stig). Spennandi ár er því framundan hjá íslenska landsliðinu og góður árangur í þeim 6 leikjum sem eftir eru getur skilað liðinu í sæti sem gefur þátttökurétt í HM. Evrópa mun eiga 13 lið (9+4) í úrslitakeppni HM 2014. Þar verða sigurvegarar riðlanna 9 í undankeppninni í Evrópu auk þess sem þau 8 landslið sem hafna í 2. sæti riðlanna 9 og bestum árangri ná munu leika um 4 sæti með útsláttarfyrirkomulagi.

A landslið kvenna heldur áfram að gera það gott og tryggði sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni EM 2013 sem fram fer í Svíþjóð í júlí. Ísland leikur þar í riðli með Noregi, Þýskalandi og Hollandi, en alls taka 12 landslið þátt í úrslitakeppninni. Það verður fróðlegt að fylgjast með framgangi íslenska liðsins í sumar, en liðið er skipað leikmönnum sem hafa mikla reynslu og margar þeirra tóku þátt í úrslitakeppni EM 2009. Eftir riðlakeppnina taka við 8-liða úrslit og þangað stefnir íslenska liðið. Leikmenn liðsins eiga hrós skilið fyrir góðan árangur. Þjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson og hans starfslið hafa skilað frábæru starfi enn og aftur.

Yngri landsliðin léku fjölmarga leiki á árinu en hæst bar árangur U17 landsliðs karla sem lék í úrslitakeppni EM 2012, sem fram fór í Slóveníu í maí. Frábær árangur - 53 landslið hófu keppni en aðeins 8 léku til úrslita. Það er ljóst á árangri yngri landsliða að uppeldisstarf íslenskra félaga skilar mörgum efnilegum leikmönnum um þessar mundir. Alls léku íslensk landslið 69 leiki 2012 sem er nýtt met. Í þessum leikjum léku 256 leikmenn fyrir Íslands hönd, 115 konur og 141 karl. Ótaldir eru þeir leikmenn sem ekki komu við sögu inni á vellinum sem og allur sá mikli fjöldi sem boðaður var á úrtaksæfingar.

Íslandsmótið 2012 markaði tímamót því að samþykkt var á ársþingi KSÍ að fjölga landsdeildum um eina. Því var leikið um það sérstaklega hvaða félög léku í nýrri 3. deild karla sem skipuð verður 10 liðum. FH varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í sjötta sinn frá 2004. Sannarlega glæsilegur árangur, en FH hefur frá 2004, eða í áratug, hafnað í 1. eða 2. sæti Íslandsmótsins. Víkingur Ólafsvík náði þeim frábæra árangri í Íslandsmótinu að komast upp í efstu deild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins. KR varð bikarmeistari í 13. sinn í meistaraflokki karla eftir sigur á Stjörnunni, sem lék í fyrsta sinn til úrslita. Nýtt nafn var ritað á Íslandsbikar kvenna annað árið í röð. Þór/KA varð Íslandsmeistari kvenna í fyrsta sinn á glæsilegan hátt. Stjarnan varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna í fyrsta sinn þegar liðið lagði Val í úrslitaleik.

Hvers kyns fræðslustarf skipar sífellt meiri sess í starfsemi KSÍ. Á starfsárinu voru haldnir fleiri fræðslufundir og námskeið en nokkru sinni fyrr í sögu KSÍ. Aukin þekking, hvort sem er á tæknilegum hliðum leiksins eða rekstrar, varðar brautina til meiri fagmennsku og vonandi betri árangurs. KSÍ hóf sókn í menntun leikmanna og þjálfara í markvörslu, en það er vel þekkt að sú leikstaða krefst meiri sérþekkingar en aðrar stöður á vellinum.

Fjármál knattspyrnuhreyfingarinnar eru sífellt til umfjöllunar enda bæði vandasant og krefjandi verkefni að láta enda ná sama í rekstri knattspyrnufélaga. Stjórn KSÍ samþykkti sl. haust að innleiða nýjar reglur um fjárhagslega háttvísi í leyfiskerfi KSÍ. Ákvæði um jákvæða eiginfjárstöðu og hámarksskuldabyrði eiga að beina rekstri félaga í góðan farveg. Starfsemi KSÍ var í föstum skorðum á sl. starfsári. Rekstrarhagnaður af hefðbundinni starfsemi var tæpar 48 milljónir króna, en með framlögum og styrkjum til aðildarféлага og fjármagnsliðum varð niðurstaðan hagnaður upp á hálfa milljón króna. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélögunum fyrir öflugt knattspyrnustarf á liðnu starfsári. Samstarf við forystumenn félaganna var gott og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. dómurum, eftirlitsmönnum, nefndarmönnum, sjálfbodaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og að síðustu öllum þeim fjölda iðkenda sem leggja stund á þessa skemmtilegu íþrótt.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

STJÓRN KSÍ

66. ársþing KSÍ var haldið á Hilton Nordica Hótel 11. febrúar 2012. Kosið var um fjögur sæti í aðalstjórn KSÍ og voru sjö í framboði. Flest atkvæði hlutu Ragnhildur Skúladóttir, Gísli Gíslason, Lúðvík Georgsson og Rúnar Arnarsson. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaform.
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Lúðvík S. Georgsson	ritari
Gísli Gíslason	
Ragnhildur Skúladóttir	
Róbert Agnarsson	
Rúnar Arnarsson	
Vignir Már Þormóðsson	

Í varastjórn KSÍ voru sjálfkjörnir Jóhannes Ólafsson, Jóhann Króknes Torfason og Þórarinn Gunnarsson.

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Valdemar Einarsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðbjólfsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland. Allir voru þeir sjálfkjörnir.

Stjórn KSÍ hélt 14 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

STARFSFÓLK KSÍ

Einn starfsmaður, Magnús Stefánsson, var ráðinn til tíma-bundinna verkefna á árinu, annað árið í röð, og starfaði hann frá vori. Magnús var ráðinn í mótadeild, til skráningar á leikskýrslum í gagnagrunn KSÍ, en unnið hefur verið að því síðustu ár að skrá leikskýrslur aftur í tímann inn í gagnagrunninn. Að öðru leyti voru engar breytingar í starfsmannahaldi.

Starfsfólk KSÍ 2012:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
 - Birkir Sveinsson, mótastjóri
 - Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
 - Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
 - Gunnar Gylfason, landsliðsmál
 - Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
 - Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
 - Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsm.
 - Magnús Már Jónsson, dómastjóri
 - Margrét Elíasdóttir, ritari
 - Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstj.
 - Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
 - Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
 - Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
 - Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
- Tímabundnar ráðningar:
- Magnús Stefánsson, mótamál

•••••

MÓTIN 2012

TVÖFALDUR ÍSLANDS-MEISTARATITILL ÍBV Í FUTSAL

ÍBV fagnaði tveimur Íslandsmeistaratitlum í Futsal, þar sem Eyjamenn unnu sigur í bæði karla- og kvennaflokki.

Kvennalið ÍBV hafði sigur í öllum sínum leikjum og lauk keppni með fullt hús stiga. Fylkisstúlkur urðu í öðru sæti en innbyrðis leikur þessara liða var æsispennandi. Fylkir leiddi í leikhléi með tveimur mörkum gegn engu en Vestmannaeyingar komu grimmir til síðari hálfleiks og skoruðu þrjú mörk án svars frá Árbæingum. Með sigri hefði Fylkir tryggt sér titilinn, en ÍBV stóð þarna uppi með pálmann í höndunum og tryggði Íslandsmeistaratitilinn með því að leggja Þrótt í lokaleikum. Mótið fór fram tvær helgar í janúar, í Laugardalshöll og íþróttahúsinu í Kórnum í Kópavogi.

ÍBV tryggði sér Íslandsmeistaratitil karla með því að leggja Víking Ólafsvík í úrslitaleik. Lokatölur urðu 5-0 fyrir Eyjamenn sem leiddu í leikhléi með

tveimur mörkum. ÍBV náði forystunni snemma í úrslitaleikum og lét hana ekki af hendi þrátt fyrir að Víkingar gæfu ekkert eftir. Eyjamenn lögðu Fjölnismenn í undanúrslitum, sem leikin voru deginum áður, en Víkingar höfðu betur gegn Leiknismönnum. Allir leikirnir fóru fram í Laugardalshöllinni.

LENGJUBIKARINN

KR-ingar fögnuðu sigri í Lengjubikar karla eftir 1-0 sigur á Frömurum í úrslitaleik A-deildar í Kórnum í Kópavogi. Eina mark leiksins kom á 57. mínútu. Leikurinn var ágætlega sóttur og voru á sjöunda hundrað manns mættir í Kórinn. Þetta er fimmti Deildarbikarmeistaratitill KR og hafa KR-ingar þar með jafnað FH-inga í fjölda sigra í þessu vormóti, sem haldið hefur verið síðan 1996.

Blikastúlkur tryggðu sér sigur í A deild Lengjubikars kvenna þegar þær lögðu Val í hörkuspennandi úrslitaleik í Kórnum. Lokatölur urðu 3-2 fyrir Breiðablik eftir að þær grænklæddu höfðu leitt í leikhléi, 2-1. Þetta var í sjötta skiptið sem Breiðablik vinnur þennan titil en í fyrsta sinn síðan 2006.

HÉRAÐSMÓT

Framarar hömпуðu Reykjavíkurmeistaratitli karla eftir úrslitaleik gegn KR. Fram vann öruggan sigur, 5-0, eftir að hafa leitt með þremur mörkum í hálfleik. Steven Lennon, sóknarmaður Framara, var á skotskónum í leiknum og skoraði öll mörk liðsins. Fyrst var leikið um þennan titil árið 1915 en Framarar unnu hann síðast árið 2006.

Valur hampaði Reykjavíkurmeistaratitli kvenna fimmta árið í röð með fullt hús stiga í fjórum leikjum. Þrír 5-0 sigrar litu dagsins ljós hjá Valsliðinu og aðeins Fylkir, sem hafnaði í öðru sæti, veitti þeim rauðklæddu keppni þó Valur hafi unnið þann leik 4-2. Aðeins tvö félög, Valur og KR, hafa unnið Reykjavíkurmeistaratitlinn í kvennaflokki frá því að fyrst var keppt um hann árið 1982. Valur hefur nú unnið 21 sinni en KR 10 sinnum.

Árlegt vetrarmót meistaraflokksliða karla á Norðurlandi, sem hét *Hleðslumótið* í ár, var leikið í Boganum á Akureyri. Átta lið tóku þátt og var þeim skipt í tvo riðla. Akureyrarliðin KA og Þór tefldu bæði fram tveimur liðum. Aðallið þessara tveggja félaga léku einmitt til úrslita í mótinu og þar hafði KA betur, 3-2.

Stjarnan fagnaði sigri í Faxaflóamóti mfl. kvenna með því að vinna alla fjóra leiki sína, skora tuttugu mörk og fá á sig eitt. Þetta var í áttunda sinn sem mótið er haldið og jafnframt í fyrsta sinn sem Breiðablik stendur ekki uppi sem sigurvegari.

Síldarvinnslumótið er undirbúningsmót meistaraflokksliða karla á Austurlandi og léku þátttökuliðin fjögur tvöfalda umferð. Leikstaðirnir voru tveir, annars vegar Fellavöllur og hins vegar Fjarðabyggðarhöllin. Það voru liðsmenn Fjarðabyggðar sem reyndust hlutskarpastir og höfnuðu í efsta sæti með 13 stig úr leikjunum sex.

Fótbolta.net mótið fór nú fram í annað sinn. Þátttökuliðin voru 8 talsins, allt lið úr Pepsi-deild karla sem leika utan Reykjavíkur, og var leikið í tveimur fjögurra liða riðlum í knattspyrnuhöllum á

suðvestur horni landsins. Leikið var um öll sæti mótsins og efstu lið riðlanna, Breiðablik og Stjarnan, mættust í úrslitaleik í Kórnum, þar sem Breiðablik hafði betur, 3-2.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

KR fór með sigur af hólmi í Meistarakeppni karla, en leikið var um sigurlaunin við góðar aðstæður á Laugardalsvelli. Mót-herjarnir voru FH og lauk leiknum með sigri KR, 2-0, og komu bæði mörkin í fyrri hálfleik. Þetta er í fjórða skiptið sem KR vinnur þennan titil og í fyrsta sinn síðan árið 2003. Síðustu sjö ár hafa hins vegar FH og Valur skipst á um að hampa þessum titli, Hafnfirðingar fjórum sinnum og Valsmenn þrisvar.

Stjarnan fór með sigur af hólmi í Meistarakeppni kvenna og vann þann titil í fyrsta skiptið. Garðabæjarliðið lagði Val með þremur mörkum gegn einu í opnum og skemmtilegum leik eftir að hafa leitt 1-0 í leikhléi. Leikið var á nýjum gervigrasvelli á leikvangi Stjörunnar í Garðabæ og var þetta vígsluleikur vallarins.

UMFANGSMIKILL SAMNINGUR UM PEPSI-DEILDIRNAR 2012

Í apríl var undirritaður umfangsmikill samningur um sýningarréttinn frá Pepsi-deildum karla og kvenna í knattspyrnu. Samningurinn var undirritaður í höfuðstöðvum KSÍ af Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ, Andra Þór Guðmundssyni forstjóra Ölgerðarinnar og Ara Edwald forstjóra 365 miðla. Samningurinn tryggði meiri og ítarlegri umfjöllun um Pepsi-deildirnar en áður hafði verið í boði. Mikilvægur liður í þessum

samningi 365 miðla og Ölgerðarinnar við KSÍ var að samningsaðilar myndu áfram hlúa sérstaklega að framtíð íslenskrar knattspyrnu. Það var meðal annars gert með áframhaldandi dagskrárgerð um helstu sumarmót barna- og unglinga, en Stöð 2 Sport hefur undanfarin sumur lagt mikið kapp á að sinna þessum vinsælu og fjölmennu íþróttamótum þar sem efnilegasta knattspyrnufólk landsins stígur sín fyrstu skref og sýnir frábæra takta innan og utan vallar.

BORGUNARBIKARINN 2012-13

Á blaðamannafundi sem haldinn var í höfuðstöðvum KSÍ í byrjun júní var tilkynnt um nýtt nafn á bikarkeppnum karla og kvenna í knattspyrnu - *Borgunarbikarinn*. Við það tilefni undirrituðu þeir Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ, Haukur Oddsson forstjóri Borgunar og Ari Edwald forstjóri 365 miðla samstarfs-samning þess efnis fyrir árin 2012 og 2013. Stöð 2 Sport sýndi beint frá leikjum keppinnar, auk þess sem sýndir voru í opinni dagskrá sérstakir uppgjörsþættir að lokinni hverri umferð.

KR-INGUM SPÁÐ ÍSLANDSMEISTARATITLINUM

Á hinum árlega kynningarfundum Pepsi-deildar karla, sem fram fór í húsakynnum Ölgerðarinnar að þessu sinni, spáðu fulltrúar félaganna í deildinni um loka-stöðu liðanna. Samkvæmt spánni var gert ráð fyrir að Íslandsmeistarar KR myndu halda titlinum og að þar á eftir kæmu FH-ingar, Framarar - sem áttu einmitt góðu gengi að fagna á vormótunum, og Stjarnan. Kefl-

víkingum og nýliðum Selfoss var spáð falli. Þannig leit spáin út:

1.	KR	414 stig
2.	FH	373 stig
3.	Fram	338 stig
4.	Stjarnan	317 stig
5.	Valur	257 stig
6.	ÍA	256 stig
7.	ÍBV	230 stig
8.	Breiðablik	198 stig
9.	Grindavík	128 stig
10.	Fylkir	113 stig
11.	Keflavík	107 stig
12.	Selfoss	77 stig

ÍSLANDSMEISTARABIKARINN FÓR Í HAFNARFJÖRD

Árangur FH-inga á Íslandsmóttinu síðustu tíu árin er ansi glæsilegur. Þessi tíu ár hefur liðið hafnað í öðru af tveimur efstu sætum efstu deildar karla og hefur þar af sex sinnum hampað Íslandsmeistaratitlinum. Svo varð raunin í Pepsi-deildinni í ár, þegar hinir hvít- og svartklæddu hafnfirsku sveinar fögnuðu í Kaplakrika í mótslok. Þegar upp var staðið var um yfirburðasigur að ræða og í síðustu umferðunum var meiri spenna í keppninni um Evrópusætin, þar sem Breiðablik, ÍBV, KR og Stjarnan börðust um næstu sætin á eftir FH-ingum. Raunar var deildin afar jöfn, og þegar fimm umferðum var ólokið gátu Blikar, sem enduðu í öðru sæti, enn fallið niður um deild. Eyjamenn höfnuðu í þriðja sæti þriðja árið í röð, en Stjarnan sat eftir með sárt ennið eftir tap gegn Blikum í lokaumferðinni, þar sem þeir grænu hirtu Evrópusæti ásamt ÍBV. Nýliðar Skagamanna náðu eftirtektarverðum árangri, höluðu inn stigunum framan af móti og dóðruðu við Evrópusæti á tímabili. Fallbaráttan var hörð eins og svo oft áður. Framarar, sem höfðu leikið feykivel á undirbúningstímabilinu, byrjuðu illa og máttu undir lokin vel við una að halda sæti sínu. Það varð

hins vegar hlutskipti Grindvíkinga og Selfyssinga að falla.

Pepsi-deild karla - Lokastaða							
Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
FH	22	15	4	3	51-23	28	49
Breiðablik	22	10	6	6	32-27	5	36
ÍBV	22	10	5	7	36-21	15	35
KR	22	10	5	7	39-32	7	35
Stjarnan	22	8	10	4	44-38	6	34
ÍA	22	9	5	8	32-36	-4	32
Fylkir	22	8	7	7	30-39	-9	31
Valur	22	9	1	12	34-34	0	28
Keflavík	22	8	3	11	35-38	-3	27
Fram	22	8	3	11	31-36	-5	27
Selfoss	22	6	3	13	30-44	-14	21
Grindavík	22	2	6	14	31-57	-26	12

FLESTIR ÁHORFENDUR AÐ JAFNAÐI Í KAPLAKRIKA

Alls mættu 136.470 áhorfendur á leikina 132 í Pepsi-deild karla á síðasta keppnistímabili, sem gerir 1.034 áhorfendur að meðaltali á hvern leik. Þetta eru færri en mættu á leiki árið 2011 en þá voru 1.122 áhorfendur að meðaltali á leikjum Pepsi-deildar.

Flestir mættu að jafnaði á heimaleiki Íslandsmeistara FH eða 1.595 að meðaltali á leik. Næstflestir komu á KR-völlinn eða 1.452 að meðaltali. Helmingur félaganna 12 fékk fleiri en eitt þúsund áhorfendur að meðaltali á leiki sína. Flestir mættu á útileiki hjá KR, 1.475 að meðaltali og næstflestir á útileiki hjá ÍA, 1.337.

Flestir áhorfendur mættu á leik ÍA og KR í 2. umferð mótsins en þann leik sáu 3.054 áhorfendur. Fæstir voru hinsvegar á leik Grindavíkur og KR í 20. umferð, 202 áhorfendur. Besta aðsóknin var á leiki í 1. umferð þegar 10.439 manns mættu á leikina sex en fæstir mættu á leiki 20. umferðar, 4.099 áhorfendur.

Pepsi-deild karla - Aðsókn

Félag	Alls	Meðaltal
FH	17.549	1.595
KR	15.972	1.452
ÍA	14.083	1.280
Valur	13.135	1.194
Breiðablik	12.852	1.168
Fylkir	11.137	1.012
Fram	9.955	905
Keflavík	9.413	856
Stjarnan	9.410	855
Selfoss	9.042	822
ÍBV	7.257	660
Grindavík	6.665	606
	136.470	1.034

13 BIKARMEISTARATITLAR KR

Ekki kom til þess að nýtt nafn væri skráð á lista bikarmeistara karla eftir úrslitaleik Borgunar-bikarsins á Laugardalsvellingum. Stjarnan, sem hafði aldrei áður leikið til úrslita, beið lægri hlut fyrir KR, sem hefur unnið bikarinn oftast allra félaga. Stjörnumenn léku vel í leiknum, enda vel studdir af öflugum stuðningsmönnum og var sérstaklega gaman að fylgjast með baráttu stuðningsmannahópa beggja liða, sem stóðu sig afar vel í stuðningi við sín lið. Lokatölur leiksins urðu 2-1 fyrir KR. Garðar Jóhannsson kom Stjörnunni yfir með góðu skoti eftir rúmlega fimm mínútna leik, en Gary Martin jafnaði metin fyrir KR um hálf tíma síðar með skallamarki. Garðar skaut síðan í þverslá KR-marksins úr vítaspyrnu á loka-mínútu fyrri hálfleiks, þannig að leikar stóðu jafnir. Sigurmarkið skoraði Baldur Sigurðsson þegar rúmlega fimm mínútur voru eftir af leiknum og KR fagnaði sigri í bikarkeppninni annað árið í röð. Titillinn í ár er sá 13. í sögu KR, en næstu lið eru ÍA og Valur með 9 bikartitla. KR hefur leikið til úrslita í bikarnum síðastliðin þrjú ár og unnið sigur í síðustu tvö skiptin. KR lék einnig til úrslita í sjö af fyrstu átta skiptunum sem

keppnin fór fram, þó reyndar hafi það verið B-lið KR sem tapaði 1-2 fyrir ÍBV í áttunda bikarúrslitaleiknum árið 1968.

BREIÐABLIKI SPÁÐ ÍSLANDSMEISTARATITLI KVENNA

Það var naumt á milli þeirra tveggja liða sem forsvarsmenn félaganna töldu að myndu berjast um Íslandsmeistaratitilinn í Pepsi-deild kvenna. Breiðablik var spáð efsta sætinu og Íslandsmeisturum Stjórnunnar öðru sæti. Valur var það félag sem einna helst var talið geta veitt fyrrnefndu félögunum tveimur keppni. Reiknað var með að fallbaráttan myndi standa á milli KR, Aftureldingar og Selfoss. Þannig leit spáin út:

1.	Breiðablik	273 stig
2.	Stjarnan	267 stig
3.	Valur	243 stig
4.	ÍBV	206 stig
5.	Þór/KA	161 stig
6.	Fylkir	160 stig
7.	FH	128 stig
8.	KR	81 stig
9.	Afturelding	77 stig
10.	Selfoss	54 stig

NÝIR ÍSLANDSMEISTARAR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Annað árið í röð var nýtt nafn ritað á Íslandsbikarinn í meistaraflokki kvenna. Akureyrarliði Þórs/KA var spáð fimmta sæti deildarinnar af forsvarsmönnum liðanna í Pepsi-deild kvenna og töldu margir að þarna væri komið „spútnik“ lið ársins eftir góða byrjun í deildinni. En Norðanstúlkur voru á allt öðru máli. Þær héldu siglingu sinni áfram allt sumarið, létu eina ósigur sumarsins, gegn ÍBV á Þórsvellinum í fyrri umferð, ekki á sig fá, gáfu ekkert eftir og stóðu uppi sem sannfærandi og verðskuldaðir Íslandsmeistarar.

Meistarar fyrra árs, Stjarnan, höfnuðu í þriðja sætinu á eftir ÍBV, sem var ofar á markatölu. Það varð hlutskipti Reykjavíkurfélaganna Fylkis og KR, sem hefur sex sinnum orðið Íslandsmeistari kvenna, að falla í 1. deild.

Pepsi-deild kvenna - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net Stig
Þór/KA	18	14	3	1	53 - 16	37 45
ÍBV	18	12	2	4	58 - 22	36 38
Stjarnan	18	12	2	4	53 - 23	30 38
Valur	18	9	4	5	48 - 30	18 31
Breiðablik	18	8	5	5	41 - 22	19 29
FH	18	5	4	9	27 - 47	-20 19
Afturelding	18	4	4	10	22 - 42	-20 16
Selfoss	18	4	4	10	30 - 77	-47 16
Fylkir	18	3	3	12	23 - 44	-21 12
KR	18	1	5	12	17 - 49	-32 8

NÝTT NAFN Á LISTA BIKARMEISTARA KVENNA

Stjornustúlkur tryggðu sér sigur í Borgunarbikar kvenna þegar þær lögðu Val í úrslitaleik með einu marki gegn engu. Leikurinn var æsispennandi með fjölmörgum færum á báða bóga, en það var fyrirliði Stjórnunnar, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, sem tryggði félaginu sinn fyrsta bikarmeistaratitil. Eins og búist var við fyrirfram var um hörkuspennandi viðureign að ræða, Stjornustúlkur sóttu heldur meira, en Valsstúlkur voru einnig ógnandi. Fyrri hálfleikur var markalaus og margir voru farnir að búast við framlengdum leik þegar Gunnhildur Yrsa skoraði sigurmarkið með þrumuskoti af löngu færi þegar um 10 mínútur voru eftir af leiknum. Þar með bættist nafn Stjórnunnar á lista þeirra félaga sem hafa hampað sigri í bikarkeppni kvenna í gegnum tíðina. Valur hefur oftast unnið, alls 13 sinnum, Breiðablik kemur næst með 9 titla, og þá koma KR og ÍA með fjóra. Loks er það ÍBV, sem hefur unnið bikarinn einu sinni.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Umhverfi beinna útsendinga frá leikjum er nokkuð breytt frá því sem áður var. Öflug innkoma vefútsendinga þýðir að einfaldara er að senda út leiki beint á netinu. Þar hefur vefsíðan Sport TV (www.sporttv.is) sýnt frá fjölmörgum leikjum, m.a. öllum leikjum í Reykjavíkurmótum karla og kvenna (alls 29 leikir), Lengjubikar karla og kvenna (alls 16 leikir) og 1. deild karla (22 leikir), auk þess að sýna Meistarakeppni kvenna. Þess má einnig geta að sum félög hafa komið sér upp sínu eigin vefsíðunum og sýna þar m.a. beint frá leikjum sinna félaga (þær útsendingar eru ekki taldar upp í töflunum hér fyrir neðan). Stöð 2 Sport hóf beinar útsendingar frá leikjum Pepsi-deildar kvenna og hafa aldrei áður verið sýndir jafn margir leikir beint frá keppni í efstu deild Íslandsmóts kvenna í sjónvarpi, en þess má þó geta að Sport TV sýndi enn fleiri leiki Pepsi-deildar kvenna í beinni á netinu árið 2011. Fjöldi beinna útsendinga frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport var sá sami og árið á undan, sem eru þó nokkru færri útsendingar en árin 2005-2010.

Efsta deild karla

Ár	Beinar úts.
2012	25
2011	25
2010	32
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18

Efsta deild kvenna

Ár	Beinar úts.
2012	17
2011	23
2010	0
2009	0
2008	2
2007	1
2006	3

1. deild karla

Ár	Beinar úts.
2012	22
2011	0
2010	5

Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls 6 leikjum í Borgunarbikar karla, jafn mörgum og árin tvö þar á undan. Einn leikur var sýndur frá 32-liða, 16-liða og 8-liða úrslitum, báðir undanúrslitaleikirnir og svo auðvitað sjálfur úrslitaleikurinn. Stöð 2 Sport sýndi jafnframt úrslitaleikinn í Borgunarbikar kvenna í beinni útsendingu.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna. Úrslit fyrir 2012 voru kunngerð á verðlaunahátíð í Hörpu og var viðburðurinn í beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2 sport. Bestu leikmennirnir komu úr röðum Íslandsmeistaranna, FH og Þórs/KA. Chantal Jones, markvörður Þórs/KA, var valin besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna og Atli Guðnason úr FH var valinn besti leikmaðurinn í Pepsi-deild karla. Efnilegustu leikmennirnir voru valin Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson og Glódís Perla Viggósdóttir úr Stjörnunni.

ÞJÁLFARAR ÁRSINS

Valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ kaus Heimi Guðjónsson þjálfara ársins í Pepsi-deild karla, en hann stýrði liði FH til sjötta Íslandsmeistaratitilsins á 9 árum. Valnefndin valdi Jóhann Kristin Gunnarsson þjálfara ársins í Pepsi-deild kvenna, en hann var við stjórnvölinn hjá Þór/KA, sem

vann Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn.

MARKAHÆSTU LEIKMENN PEPSI-DEILDANNA

Besti leikmaður Pepsi-deildar karla var jafnframt sá markahæsti, Atli Guðnason úr liði Íslandsmeistara FH, sem skoraði 12 mörk. Elín Metta Jensen úr Val varð markadrottning Pepsi-deildar kvenna með 18 mörk.

Atli var augljóslega í lykilhlutverki hjá FH á keppnistímabilinu, algjör lykilmaður í sóknarleik þeirra, því auk þess að vera markahæstur var hann duglegur að leggja upp mörk fyrir samherja sína. Næstir Atla í markaskorun voru Kristinn Ingi Halldórsson úr Fram með 11 mörk og Fylkismaðurinn Ingimundur Níels Óskarsson með 10 mörk, þannig að baráttan um markakóngstitilinn var ansi jöfn.

Markakeppnin í Pepsi-deild kvenna var eins jöfn og hún getur orðið. Elín Metta var sem fyrr segir markadrottning með 18 mörk, en Sandra María Jessen úr liði Íslandsmeistara Þórs/KA skoraði jafn mörg mörk í jafn mörgum leikjum. Elín Metta hafði betur þar sem hún lék færri mínútur í heildina. Þriðji markahæsti leikmaður Pepsi-deildar kvenna var svo ekki langt undan, en það var Harpa Þorsteinsdóttir, sem skoraði 17 mörk fyrir Stjörnunna.

GUNNAR JARL OG ÍVAR ORRI BESTU DÓMARARNIR

Gunnar Jarl Jónsson var kjörinn besti dómari í Pepsi-deild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 19. sinn. Gunnar Jarl hlaut einnig þessa viðurkenningu árið 2010.

Leikmenn í Pepsi-deild kvenna völdu Ívar Orra Kristjánsson besta dómara í Pepsi-deild kvenna, en þetta er í þriðja sinn sem slík kosning fer fram.

LID ÁRSINS Í PEPSI-DEILDUM

Valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ stóð að vali á liðum ársins í Pepsi-deildum karla og kvenna og voru þau þannig skipuð:

Karlalið ársins

- Markvörður:*
Hannes Þór Halldórsson - KR
Aðrir leikmenn:
Guðjón Árni Antoníusson - FH
Kristinn Jónsson - Breiðabliki
Rasmus Christiansen - ÍBV
Freyr Bjarnason - FH
Björn Daníel Sverrisson - FH
Alexander Scholz - Stjörnunni
Rúnar Már S. Sigurjónsson - Val
Kristinn Ingi Halldórsson - Fram
Atli Guðnason - FH
Óskar Örn Hauksson - KR

Kvinnalið ársins

- Markvörður:*
Chantal Jones - Þór/KA
Aðrir leikmenn:
Arna Sif Ásgrímsdóttir - Þór/KA
Guðrún Arnardóttir - Breiðabliki
Danka Podovac - ÍBV
Gunnhildur Yrsa Jónsd. - Stjörnunni
Kayley Grimsley - Þór/KA
Sandra María Jessen - Þór/KA
Elín Metta Jensen - Val
Katrín Ásbjörnsdóttir - Þór/KA
Fannís Friðriksdóttir - Breiðabliki
Anna Björk Kristjánsd. - Stjörnunni

STJARNAN OG BREIÐABLIK MEÐ STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Pepsi veitti sérstök verðlaun til stuðningsmanna liða í Pepsi-deildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Það voru stuðningsmenn Stjörunnar, *Silfurskeiðin*, sem hlutu viðurkenninguna í Pepsi-deild karla, og stuðningsmenn Breiðabliks í Pepsi-deild kvenna.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN KSÍ OG BORGUNAR

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Borgunar voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu prúðust á undangengnu tímabili. Sérstök háttvísinefnd KSÍ stendur að valinu.

Prúðasta félagið í Pepsi-deild kvenna annað árið í röð var ÍBV, og prúðasti leikmaður deildarinnar kom einmitt úr röðum Eyjamanna, Anna Þórunn Guðmundsdóttir. Nýliðar Skaganna þóttu prúðastir í Pepsi-deild karla, en viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu einstaklinga fékk Grétar Sigfinnur Sigurðarson úr KR. Allir þessir aðilar fengu viðurkenningu frá Borgun og KSÍ.

PEPSI-MÖRKUNUM FJÖLGAR

Síðustu fimm árin hefur markaskorun í efstu deild karla haldist nokkuð stöðug, verið á bilinu 3,0 til 3,4 mörk í leik. Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skorud 425 mörk í leikjunum 132, eða 3,2 að meðaltali, og fer meðaltalið því lítið eitt upp á við eftir fækkun síðustu tvö árin þar á undan.

Meðaltal marka í efstu deild karla

Ár	Meðaltal
2012	3,2
2011	3,0
2010	3,3
2009	3,4
2008	3,1

Eftir fækkun árin 2010 og 2011 tók markaskorun aftur kipp upp á við í Pepsi-deild kvenna. Í leikjunum 90 var skorað 371 mark, sem gerir 4,1 að meðaltali í hverjum leik. Meðaltalið fer því aftur upp fyrir fjögur mörk í fyrsta sinn síðan 2009.

Meðaltal marka í efstu deild kvenna

Ár	Meðaltal
2012	4,1
2011	3,6
2010	3,9
2009	4,1
2008	4,5

TRYGGVI SLÓ MARKAMETIÐ

Markamet Inga Björns Albertssonar í efstu deild karla féll loks síðastliðið sumar. Það var Tryggvi Guðmundsson, leikmaður ÍBV, sem sló metið, en hann hafði reyndar jafnað það sumarið áður. Tryggvi hefur nú skorað alls 129 mörk í efstu deild fyrir FH, ÍBV og KR, en Ingi Björn skoraði 126 mörk fyrir FH og Val.

MARKAÐSSTARF PEPSI-DEILDANNA VERÐLAUNAÐ

Á árlegri verðlaunaafhendingu UEFA fyrir markaðsmál tengd knattspyrnu, sem fram fór í Róm í lok nóvember, hlaut Ísland verðlaun fyrir markaðssetningu á Pepsi-deildunum í knattspyrnu. Fimmtán þjóðir kepptu við Ísland í flokknum *Best Sponsorship Activation*, en sá flokkur þykir afar eftirsóttur og mörg glæsileg verkefni sem keppa um sigur. Af 15 umsækjendum voru þrír tilnefndir - Ísland, Noregur og Kasakstan. Portúgal fékk sérstök aukaverðlaun í þessum flokki en aðrar þjóðir sem sendu inn umsóknir voru m.a. England, Þýskaland, Holland, Austurríki, Frakkland og Skotland. Fimm aðilar skipuðu dómnefnd UEFA sem ákvarðaði þessi verðlaun og voru þar aðilar úr ýmsum áttum s.s. prófessor í markaðsfræði frá Essec viðskiptaskólanum í París, yfirmaður kostunarmála hjá Heineken og forstjóri Eurosport. *Ástríða fyrir íslenskri knattspyrnu* var heitið á herferðinni og vann

Ölgerðin efnið með VERT-markaðsstofu þar sem reynt var að varpa ljósi á hvað það er sem gerir íslenska knattspyrnu einstaka og sérstaða hvers liðs dregin fram. Verðlaunin eru mikill heiður fyrir íslenska knattspyrnu og alla þá aðila sem koma með einhverjum hætti að Pepsi-deildinni, ekki síst félögin í Pepsi-deildum karla og kvenna.

ÞRJÚ LIÐ AF NORÐURLANDI UPP UM LANDSDEILDIR

Norðlensk lið voru áberandi á meðal þeirra sem fóru upp um landsdeildir á liðnu sumri. Af fjórum liðum koma þrjú af Norðurlandi og eitt vestan af Snæfellsnesi. Tvö Austfjarðalið féllu.

Baráttan um Pepsi-deildarsætin var í algleymingi allt sumarið í 1. deild karla og var tvísýn lengi vel, en þau tvö lið sem fóru upp voru sterkust á endasprenntinum, þó Þórsarar hafi reyndar hafið sinn sprett ansi snemma. Þeir voru lang efstir í deildinni, átta stigum á undan Víkingi Ólafsvík, sem var alltaf líklegur. Víkingar voru síðan níu stigum á undan næstu þremur liðum, sem sýnir kannski best hversu sterk þessi tvö lið voru. Þórsarar stöldruðu ekki lengi við í 1. deild og fara strax aftur upp, en Ólsarar leika í efstu deild sumarið 2013, í fyrsta sinn í sögu félagsins. ÍR-ingar voru um miðja deild með 14 stig eftir fyrri umferðina, en fengu ekki eitt einasta stig í seinni umferðinni, höfnuðu í neðsta sæti deildarinnar og féllu því í 2. deild, ásamt Hattarmönnum, sem stoppuðu aðeins eitt sumar í 1. deild.

Lokastaðan í 1. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Þór	22	16	2	4	40	-20	20
Víkingur Ó.	22	13	3	6	36	-21	15
Próttur R.	22	9	6	7	34	-26	8
KA	22	9	6	7	34	-30	4
Haukar	22	9	6	7	23	-25	-2
Víkingur R.	22	8	7	7	34	-31	3
Fjölnir	22	7	8	7	39	-26	13
Tindastóll	22	8	3	11	34	-42	-8
Bí/Bolungarv.	22	6	8	8	31	-37	-6
Leiknir R.	22	6	7	9	33	-36	-3
Höttur	22	5	6	11	30	-41	-11
ÍR	22	4	2	16	19	-52	-33

Spennan í 2. deild karla var mikil allt sumarið og í raun með ólíkindum hvesu mörg lið voru með í slagnum um toppsætin tvö. Í lokaumferðunum tveimur var staðan enn þannig að 4-5 lið áttu möguleika. Völsungar tryggðu sætið þegar tvær umferðir voru eftir, en á þeim tímamarki skildu aðeins tvö stig að lið KF í 2. sæti og liðið í fimmta sæti. Svo fór að KF krækti í fjögur stig í þessum tveimur umferðum, sem dugði til að halda 2. sætinu, þrátt fyrir að HK næði 6 stigum í þessum tveimur umferðum. Liðin enduðu jöfn að stigum, KF með betri markatölu. Fjarðabyggð og KFR voru í neðstu tveimur sætunum lengst af móti og það var þeirra hlutskipti að falla að þessu sinni.

Lokastaðan í 2. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Völsungur	22	14	4	4	36	-21	15
KF	22	12	7	3	51	-23	28
HK	22	13	4	5	43	-27	16
KV	22	12	4	6	43	-26	17
Afturelding	22	13	1	8	50	-46	4
Dalvík/Reynir	22	11	3	8	38	-25	13
Reynir S.	22	9	4	9	35	-41	-6
Njarðvík	22	8	6	8	31	-35	-4
Hamar	22	5	6	11	36	-41	-5
Gróttá	22	5	5	12	31	-41	-10
Fjarðabyggð	22	4	3	15	31	-48	-17
KFR	22	1	3	18	20	-71	-51

Sindri frá Hornafirði og Ægir frá Þorlákshöfn mættust í úrslitaleik 3. deildar karla eftir að hafa lagt mótherja sína samanlagt í leikjum

heima og heiman í undanúrslitum. Ægir hafði betur gegn Magna frá Grenivík með því að vinna báða leikina, þann fyrri á Grenivík 3-1 og þann seinni heima í Þorlákshöfn 3-2. Sindramenn unnu 5-1 stórsigur á Leikni F. í fyrri leiknum, sem fram fór á Hornafirði, og komu því yfirvegaðir til leiks á Fáskrúðsfirði. Þar urðu lokatölur 1-1 og því ljóst að Sindri myndi leika gegn Ægi í úrslitaleik um 3. deildarmeistaratitilinn, sem fram fór á Grindavíkurvelli. Staðan í hálfleik var jöfn 1-1, en Sindramenn sigldu fram úr eftir hlé og unnu 4-1 sigur. Sindri fer því upp í 2. deild með þennan titil, og Ægismenn fylgja þeim upp.

Reykjavíkurfélög voru áberandi í undanúrslitaleikjum 1. deildar kvenna. Þar mættust annars vegar Próttur R. og Fram og hins vegar HK/Víkingur og Fjölnir. Próttur vann sannfærandi sigur í báðum leikjunum gegn Fram, 7-0 samanlagt, og mætti HK/Víkingi í úrslitaleiknum. HK/Víkingur hafði betur gegn Fjölni í tveimur hörkuleikjum, þar sem þeim fyrri lauk með 2-2 jafntefli í Fossvoginum, og þeim síðari með 2-1 sigri gestanna í Grafarvogi, HK/Víkinga. Í sjálfum úrslitaleiknum, sem fram fór á Fjölnisvelli, skoruðu Próttarar mark eftir tæplega tíu mínútna leik og reyndist það eina mark leiksins. Bæði lið gátu þó verið ánægð með árangurinn, enda sæti í Pepsi-deildinni 2013 tryggt.

NIÐURRÖÐUN LEIKJA

Niðurröðun leikja í mótum sumarsins tók að venju mikið mið af verkefnum landsliða. Þar sem A og U21 landslið karla léku samtals fjóra leiki á rúmum tveimur vikum um mánaðamótin maí/júní þurfti að vanda niður-

röðun leikja mjög vel svo ekki þyrfti að gera þriggja vikna hlé á Pepsi-deild karla. Lok Pepsi-deildar kvenna miðaðist við að mótið yrði búið fyrir landsleikjahlé sem var um miðjan september. Því lauk deildinni óvenju snemma, eða 8. september.

Þrjú ný félög tóku þátt í 3. deild karla, þ.e. Drangey úr Skagafirði, Skínandi úr Garðabæ og Skautafélag Reykjavíkur (SR) sem hóf aftur þátttöku eftir langa fjarveru. Einu félagi var meinuð þátttaka þar sem það uppfyllti ekki skilyrði íþróttahreyfingarinnar. Fjöldi liða á Norður- og Austurlandi var með þeim hætti að ekki var hægt að hafa sér riðil þar, og því var meira um ferðalög milli landshluta í deildinni en áður. Tvö félög hættu við þátttöku í 3. deild karla stuttu fyrir upphaf móts og varð þá að endurraða mótinu að stórum hluta.

Tvö ný félög tóku þátt í 1. deild kvenna eftir nokkurra ára fjarveru, þ.e. ÍA og sameinað lið Bí og Bolungarvíkur. Niðurröðun riðlaskiptingar 1. deildar kvenna var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Skipt var í tvo riðla og reynt að hafa þá svipaða að styrkleika og með jöfnun ferðalaga í huga.

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA MEÐ HEFÐBUNDNU SNIÐI

Smávægilegar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi yngri aldursflokka. KA og Þór fengu heimild til að leika í SV-riðlum í 4. aldursflokki, en einnig voru riðlarnir í 5. aldursflokki karla á Norður- og Austurlandi sameinaðir. Að öðru leyti fór mótahald yngri flokka að mestu fram með hefðbundnu sniði.

FÆKKUN LEIKJA OG LIÐA Í MÓTUM Á VEGUM KSÍ

Heildarfjöldi leikja í mótum á vegum KSÍ lækkar milli ára um 139 leiki, fór úr 5.542 árið 2011 í 5.403 á liðnu ári. Á meðan leikjum kvenna fjölgaði um 42 milli ára þá fækkaði leikjum karla um 176. Þetta skýrist aðallega af því að töluverð fækkun varð á leikjum í 7 manna liðum 5. og 6. flokks karla. Einnig hefur leikjum eldri flokks fækkað milli ára ásamt því að KSÍ hætti á árinu að sjá um framhaldsskólamótið. Á móti kemur að mikil fjölgun er á leikjum í 11 manna bolta karla og kvenna. Leikjum á Íslandsmótinu í *futsal* hélt áfram að fækka og íslenskt félagslið tók ekki þátt í Evrópukeppni félagsliða í *futsal* í fyrsta sinn síðan 2008.

Alls tóku 904 lið frá aðildarfélögum KSÍ þátt í mótum ársins og er þetta fækkun um 15 lið milli ára. Liðum karla í mótum fækkar um 30, þá aðallega í 5. og 6. aldursflokki, en liðum kvenna fjölgar um 15 milli ára og eru nú 305. Þátttökulið kvenna hafa aldrei verið fleiri í mótum á vegum KSÍ.

NÆRRI FJÓRÐUNGI LEIKJA BREYTT EFTIR UPPHAF MÓTS

Að venju var mikið um breytingar á leikjum eftir að staðfest niðurröðun er gefin út, en á liðnu ári náði þessi fjöldi breytinga á leikdegi eða leiktíma leikja nýjum hæðum. Breytingar voru alls gerðar á 1.043 leikjum, sem eru um 24% af öllum leikjum sumarsins. Inni í þessum tölum eru ekki þeir leikir þar sem einungis var breytt um leikvöll, en leiktíminn var sá sami.

SKRÁNING ÚRSLITA

Skráningarkerfi KSÍ tekur með einföldum og skjótum hætti á móti SMS-skeytum með stöðu og úrslitum leikja og leikskýrslur má skrá jafnóðum og leikir fara fram í gagnagrunn KSÍ í gegnum vefinn – www.ksi.is. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á vef KSÍ og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila.

SMS-ÞJÓNUSTA Á VEFNUM

Nú hefur í nokkur ár verið boðið upp á SMS-úrslitaþjónustu í gegnum vef KSÍ. Hægt er að fá úrslit úr einstökum leikjum í tilteknu móti með einföldum hætti. SMS-þjónustan nær til allra aldursflokka og allra móta KSÍ, hvort sem um er að ræða leiki í Pepsi-deild eða yngri flokkum.

LEIKSKÝRSLUR Á VEFINN FYRIR LEIK

Vinnulag við vinnslu og skil á leikskýrslum fyrir leiki í mótum 11 manna bolta er nú þannig að í öllum flokkum skráir hvort lið um sig leikskýrsluna beint í mótakerfi KSÍ í gegnum aðgang sinn að ksi.is. Þetta form gerir útfyllingu leikskýrslu einfaldari og í raun er hið handskrifaða form, sem notast hefur verið við í gegnum árin, óþarft.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast skipulagningu móta á vegum KRR (Knattspyrnuráðs Reykjavíkur) og móta Faxaflóafélaganna samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Miklar breytingar hafa orðið á þessum

mótum og ekki er lengur keppt á haust- og vormótum, en þess í stað byrja mótin seint í október og eru leikin fram í maí. Einnig var einungis keppt í 5. flokki karla og kvenna á jólamóti KRR í ár í stað 4. og 5. flokks í fyrra. Ekki var um eiginleg KRR-mót að ræða í 6. og 7. flokki heldur skipulögðu félögin sjálf mót í þessum flokkum. Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á öðrum landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla	
25 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
6 sinnum	FH
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	Breiðablik, KA
Bikarmeistarar karla	
13 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	FH, Fylkir
1 sinni	Breiðablik, ÍBA, Víkingur R.
Íslandsmeistarar kvenna	
15 sinnum	Breiðablik
10 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Ármann, Stjarnan, Þór/KA
Bikarmeistarar kvenna	
13 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA, KR
1 sinni	ÍBV, Stjarnan

•••••

SAMNINGAR OG FÉLAGASKIPTI

ENN FJÖLGAR ERLENDUM LEIKMÖNNUM

Aldrei hafa jafn margir erlendir leikmenn verið á mála hjá íslenskum félögum eins og á liðnu keppnistímabili, þó fjölgunin milli áranna 2011 og 2012 sé ekki umtalsverð. Alls komu 227 leikmenn með erlent ríkisfang við sögu í deildarkeppni Íslandsmóts meistaraflokka karla og kvenna, en þar af voru 187 karlar og 40 konur. Í töflunni hér að neðan má sjá þróunina síðustu 15 ár.

Ár	Fjöldi
2012	227
2011	222
2010	165
2009	150
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Tafla: Hér eru ekki taldir leikmenn af erlendum uppruna sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Ef deildirnar eru skoðaðar er fjölgun í öllum landsdeildum karla, mest í 2. deild, þar sem fjöldinn tvöfaldast milli ára. Fjölgunin í 3. deild 2011 skýrist af innkomu Stál-Úlfs, þar sem meginþorri leikmanna er af erlendum uppruna, líkt og hjá Afríku í sömu deild. Samanlagður fjöldi leikmanna af erlendum uppruna hjá þessum tveimur félögum er 48 árið 2012.

Deild	Fjöldi 2012	Fjöldi 2011	Fjöldi 2010
PD karla	48	44	34
1. deild karla	41	37	30
2. deild karla	28	14	21
3. deild karla	70	79	46
PD kvenna	29	37	28
1. deild kv.	11	11	6

Tafla: Leikmenn sem hafa skipt milli íslenskra félaga á árinu teljast í þeirri deild sem þeir léku síðast í.

Erlendir leikmenn komu við sögu hjá 33 af 36 félögum í landsdeildum karla, samanborið við 26 félög 2011. Að auki komu erlendir leikmenn við sögu hjá helmingi félaga í 3. deild, eða 15 félögum. Af Pepsi-deildarliðum karla komu flestir erlendir leikmenn við sögu hjá Selfyssingum, 11 talsins, 9 erlendir leikmenn voru á mála hjá ÍBV og 8 hjá Grindavík. Öll félögin í Pepsi-deild karla voru með erlenda leikmenn, en FH og Fylkir voru þó aðeins með einn hvort félag. Í Pepsi-deild kvenna voru þrjú efstu liðin – Þór/KA, ÍBV og Stjarnan – öll með fjóra erlenda leikmenn í sínum röðum. Flestir erlendir leikmenn komu við sögu hjá KR, sex talsins, og fimm voru hjá Aftureldingu. Breiðablik var annað árið í röð eina félagið í Pepsi-deild kvenna sem tefldi ekki fram neinum erlendum leikmanni. Í 1. deild kvenna voru sex félög af 16 með erlenda leikmenn.

RÚMLEGA 900 SAMNINGAR Í GILDI 15. JANÚAR 2013

Þann 15. janúar 2013 voru 511 leikmannssamningar (samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun) í gildi. Á sama tíma var fjöldi sambandssamninga (samningur sem gerður er við áhugamann) 395. Heildarfjöldi samninga 15. janúar 2013 er því 906.

Leikmannssamningar í gildi 15. jan

Ár	Fjöldi
2013	511
2012	540
2011	543
2010	493
2009	409
---	---
2004	285

Sambandssamningar í gildi 15. jan

Ár	Fjöldi
2013	395
2012	382
2011	402
2010	285
2009	314
---	---
2004	96

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Eins og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni, sem upp koma, leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Erfiðustu málin komu þó til formlegrar úrlausnar hjá nefndinni. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun, en nánar er fjallað um þau í fylgiskýrslu:

Leikmaðurinn Heimir Snær Guðmundsson fór fram á aðstoð nefndarinnar við að fá laun sem hann taldi sig eiga inni hjá ÍR. Félagið var sýknað af kröfunni.

Leikmaðurinn Zoran Stamenic fór fram á aðstoð nefndarinnar við að fá laun sem hann taldi sig eiga inni hjá BÍ/Bolungarvík. Nefndin úrskurðaði að félaginu bæri að greiða Zoran kröfuna, með vöxtum, og hafði til hliðsjónar fyrri niðurstöður Alþjóða íþróttadómstólsins (CAS).

ÍBV áfrýjaði flokkun KSÍ á afreksstuðli leikmannsins Tonny Mawejje, sem var með stuðulinn 5. ÍBV taldi hins vegar að þar sem hann hafði leikið 30 landsleiki fyrir Úganda þá bæri að flokka hann eins og íslenskan leikmann sem hefur leikið 30 landsleiki og ætti því að vera með stuðulinn 10. Nefndin féllst á kröfu ÍBV.

BÍ/Bolungarvík kvartaði undan því að Þór hefði með ólögmetum hætti verið í sambandi við Mark Tubæk, samningsbundinn leikmann BÍ/Bolungarvíkur, og boðið honum samning. Með hliðsjón af

alvarleika brotsins var Þór sektað, en kröfu BÍ/Bolungarvíkur um bætur var vísað frá.

FH kvartaði undan því að Breiðablik hefði með ólögmetum hætti verið í sambandi við Gunnleif Gunnleifsson, samningsbundinn leikmann FH, í tengslum við félagaskipti hans úr FH í Breiðablik. Ekki var fallist á kröfur FH í málinu.

Framkvæmdastjóri KSÍ sendi nefndinni erindi þar sem hann vakti athygli nefndarinnar á því að leikmaður Þórs, Guiseppe Funicello, eigi og reki fyrirtæki sem aðstoði félög og leikmenn varðandi félagaskipti. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki fékkst séð af gögnum málsins að um hafi verið að ræða brot á reglugerð KSÍ um umboðsmenn.

Leikmaðurinn Hlynur Atli Magnússon fór fram á riftun á samningi sínum við Fram vegna verulegra vanefnda á greiðslum launa. Einnig óskaði hann eftir að fá úrskurð um réttmæti og upphæð sektar sem Fram sektaði Hlyn um vegna agabrota. Nefndin fellst á riftunarkröfu Hlyns og mat málin þannig að í samningi aðila væri ekki kveðið á um heimildir félagsins til að sekta leikmenn.

Valur óskaði í byrjun janúar 2013 eftir undanþágu vegna félagaskipta fyrir leikmanninn Ingólf Sigurðsson frá félagi í Danmörku, en félagaskiptaglugginn opnar 21. febrúar. Þar sem um var að ræða félagaskipti milli landa þá taldi nefndin það ekki á valdssviði sínu að veita slíka undanþágu nema FIFA hafi veitt samþykki sitt.

SVIPAÐUR FJÖLDI FÉLAGASKIPTA

Fjöldi félagaskipta á árinu 2012 var 2.230 sem er fjölgun frá fyrra

ári um 24, þannig að litlar breytingar eru milli ára. Þess má þó geta að árið 2002 voru félagaskiptin „aðeins“ 1.078, þannig að fjöldinn hefur tvöfaldast á þessum rúma áratug.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Einn umboðsmaður leikmanna hætti störfum á árinu og voru því alls átta íslenskir umboðsmenn starfandi í lok árs. Þann 31. des 2012 voru 40 gildir umboðsmannssamningar (samningar leikmanna við umboðsmenn) á skrá hjá KSÍ og er það fjölgun um 18 samninga frá árinu 2011.

KSÍ umboðsmenn

- Arnór Guðjohnsen
- Guðlaugur Þór Tómasson
- Gylfi Sigurðsson
- Hafþór Hafliðason
- Halldór Birgir Bergþórsson
- Magnús Agnar Magnússon
- Ólafur Garðarsson
- Unnar Steinn Bjarndal

•••••

DÓMARAMÁL

NÝIR OG HÆTTIR LANDSDÓMARAR

Ísland gerðist aðili að Dómarsáttmála UEFA árið 2009. Í Dómarsáttmálunum felst að allt það sem lýtur að dómaramálum viðkomandi lands þurfi að uppfylla strangar gæðakröfur sem UEFA setur fram. Fulltrúar UEFA heimsóttu KSÍ í nóvember 2012 til þess að leggja mat á hvernig Íslandi hefur gengið að uppfylla ákvæði sáttmálans fram til þessa. Gerðar voru fjórar athugasemdir og sett hefur verið af stað aðgerðaráætlun til að vinna að úrbótum.

NÝIR OG HÆTTIR LANDSDÓMARAR

Nýir landsdómarar árið 2012 voru Adolf Þorberg Andersen, Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson, Bríet Bragadóttir, Estanislao Plantada Siurans, Geir Eggertsson og Vilhelm Adolfsson. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum á árinu: Jón Magnús Guðjónsson, Oddbergur Eiríksson og Sindri Kristinsson.

ÞÁTTTAKA Á CORE NÁMSKEIÐI UEFA Í SVISS

Vilhjálmur Alvar Þórarinsson og Andri Vigfússon tóku þátt í seinni hluta CORE-verkefnisins, sem eru æfingabúðir UEFA fyrir efnilega dómara. Þá starfaði Ólafur Ingvar Guðfinnsson, fyrrverandi FIFA-aðstoðardómari og núverandi þrekþjálfari íslenskra dómara, sem þjálfari á CORE námskeiði.

ÁTAK Á AUSTURLANDI

Farið var í átak í dómaramálum á Austurlandi á árinu. Ástæðan er sú að mikill skortur hefur verið á dómurum á Austurlandi undanfarin ár og oft reynst erfitt að manna leiki með dómurum af svæðinu. Fulltrúar KSÍ funduðu með með forráðamönnum félaganna þar sem farið var yfir stöðuna og reifaðar hugmyndir að úrbótum. Þetta hafði tvímæla laust jákvæð áhrif en ljóst er að halda verður uppbyggingarstarfinu áfram.

LANDSDÓMARAFUNDIR OG FRÆÐSLUFUNDIR

Þrjár landsdómararáðstefnur voru haldnar á árinu - í mars, apríl og október, auk tveggja

sumarfunda með dómurum í Pepsi-deild karla í júní og ágúst.

DÓMARASKIPTI VIÐ NORÐURLÖNDIN OG ENGLAND

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Fulltrúar Íslands að þessu sinni voru Guðmundur Ársæll Guðmundsson, dómari, og Leiknir Ágústsson, aðstoðardómari, sem dæmdu leik Lyngby og Viborg í Danmörku. Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, dómari, og Halldór Breiðfjörð, aðstoðardómari, dæmdu leik Varnamo og Assyriska í Svíþjóð. Til Íslands komu Finnarnir Mikka Lehtola, dómari og Olli Jantunen, aðstoðardómari og dæmdu leik Víkings og Tindastóls og Lars Muller, dómari, og Andreas Josephsen, aðstoðardómari, frá Færeyjum sem dæmdu leik Leiknis R. og Víkings Ól.

Komið var á dómarskiptum við Norðmenn sem gengu út á það að dómarrátrió dæmdu einn leik í efstu deild hvort í landi hins. Þorvaldur Árnason, dómari, og Sigurður Óli Þórleifsson og Gylfi Már Sigurðsson, aðstoðardóm- arar, voru fulltrúar Íslands. Þeir dæmdu leik Hönefoss og Tromsø. Ola Hobbar Nielsen, dómari, og Tom Harald Grønnevik og Joakim Knapstad, aðstoðardómara, voru fulltrúar Noregs og dæmdu leik Breiðabliks og Selfoss.

Þá voru höfð dómarskipti við England, þar sem fulltrúar Íslands voru Þorvaldur Árnason og Þóroddur Hjaltalín. Þeir fylgdu eftir dómara sem dæmdu leik í ensku úrvalsdeildinni, sátu ráð- stefnu á vegum enska knatt- spyrnusambandsins og dæmdu í Nike Cup, sem er mót unglinga- liða ensku úrvalsdeildarinnar. Andy Davies kom frá Englandi og

dæmdu leiki Víkings Ólafsvíkur og KA annars vegar og Fjölnis og Hauka hins vegar. Einnig var hann aðstoðardómari í leik ÍBV og Fram í Vestmannaeyjum.

Þórður Már Gylfason, dómari, og Adolf P. Andersen, aðstoðar- dómari, störfuðu á NM U17 karla í Færeyjum og Birna H. Bergstað, dómari, og Bríet Bragadóttir, aðstoðardómari, störfuðu á NM U17 kvenna í Noregi.

ÍSLENSKIR FIFA-DÓMARAR

Íslenskir dómara dæmdu fjöl- marga leiki í UEFA-mótum félags- liða og landsliða á árinu. Kristinn Jakobsson og meðdómara hans hafa m.a. fengið krefjandi verk- efni í Evrópu deildinni og staðið sig með mikilli þryði samkvæmt eftirlitsskýrslum. Þá dæmdu Andri Vigfússon í einum af undanriðlum Evrópukeppni félagsliða í Futsal, sem fram fór í Makedóníu. Gunnar Jarl Jónsson, dómari, og Birkir Sigurðarson og Rúna Kristín Stefánsdóttir, aðstoðar- dómara, komu ný inn á FIFA- listann í ársbyrjun 2012.

FIFA-dómara 2012:

Gunnar Jarl Jónsson
Kristinn Jakobsson
Þorvaldur Árnason
Þóroddur Hjaltalín

FIFA-aðstoðardómara 2012:

Áskell Þór Gíslason
Birkir Sigurðarson
Frosti Viðar Gunnarsson
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Gylfi Már Sigurðsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Rúna Kristín Stefánsdóttir
Sigurður Óli Þórleifsson

FIFA-Futsal-dómari 2012:

Andri Vigfússon

EFTIRLITSMENN

54 eftirlitismenn störfuðu í lands- deildum og bikarkeppnum árið 2012. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammi-

stöðu dómara, auk skýrslna um háttvísi í Pepsi-deild karla.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Á árinu voru haldin um 30 unglingadómara námskeið víðs vegar um landið hjá félögum sem þess óskuðu. Á þeim námskeiðum er fyrst og fremst lögð áhersla á knattspyrnulögin. Markmiðið er fyrst og fremst að hjálpa félög- unum að búa til dómara hópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Nýjum unglingadómurum fækkar tals- vert á árinu 2012 miðað við árin á undan. Skýringin gæti verið sú að nýliðun hefur verið mjög mikil undanfarin ár og félögin telja sig ekki þurfa að halda unglinga- dómara námskeið á hverju ári. Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómara- fræðunum sækja síðan héraðs- dómara námskeið, en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum, auk þess sem sett var upp sérstakt námskeið fyrir aðstoðardómara. Þá buðu HR, VMA, FNV og KHÍ upp á unglingadómara námskeið sem valfag. Á árinu 2012 út- skrifuðust 237 unglingadómara.

VIÐURKENNINGAR FYRIR FRAMLAG TIL DÓMARAMÁLA

Ákveðið var að verðlauna þau félög sem þykja sinna grasrótinni í dómaramálum best. Aðildar- félögunum gafst kostur á að sækja um viðurkenningu, en þau þurftu að uppfylla 10 skilyrði til þess að koma til greina. FH, Fylkir, ÍA, Leiknir F. og Sindri stóðust skilyrðin og fengu því sérstaka viðurkenningu fyrir mikilsvert framlag til dómara- mála í Íslenskri knattspyrnu á árinu 2012.

•••••

LANDSLIÐSMÁL

A LANDSLIÐ KARLA

Svínn Lars Lagerbäck tók til starfa í byrjun árs 2012 sem þjálfari A landsliðs karla, en samningur hans er til ársloka 2013. Aðstoðarþjálfari er Heimir Hallgrímsson. Fyrsta verkefni nýs þjálfarateymis voru æfingabúðir í janúar, en þangað voru boðaðir 27 leikmenn sem léku með liðum á Íslandi og Norðurlöndum. Liðið lék 10 leiki á árinu, fjóra í undankeppni HM 2014 og sex vináttulandsleiki. Sigur vannst í fjórum leikjum en sex töpuðust.

Fyrsti vináttulandsleikur ársins var gegn Japan í Osaka í febrúar. Leikurinn var ekki á alþjóðlegum leikdegi og var uppistaðan í leikmannahópnum leikmenn sem léku á Íslandi og Norðurlöndum. Heimamenn skoruðu strax á 2. mínútu og komust svo í 3-0 áður en Arnór Smárason minnkaði muninn úr vítaspyrnu undir lok leiks. Næsti leikur var gegn Svartfellingum í Podgorica í lok febrúar. Heimamenn komust yfir í upphafi síðari hálfleiks, en Alfreð Finnbogason jafnaði stuttu síðar. Svartfellingar tryggðu sér svo 2-1 sigur 10 mínútum fyrir leikslok. Í lok maí lék liðið svo vináttuleiki við Frakka og Svía en bæði lið voru að undirbúa sig fyrir lokakeppni Evrópumótsins í Póllandi og Úkraínu. Fyrst var leikið við Frakka í Valenciennes og þar komst íslenska liðið í 0-2 með mörkum Birkis Bjarnasonar og Kolbeins Sigbórssonar og leiddi þannig í hálfleik. Ótrúleg staða og var franska liðið baulað af velli þegar gengið var til búningsklefa. Frakkar minnkuðu þó muninn í upphafi síðari hálfleiks og tryggðu sér svo sigur með tveimur mörkum á síðustu 5 mínútum leiksins. Leikið var við

Svíá í Gautaborg þremur dögum síðar. Þar voru það heimamenn sem komust í 2-0 með tveimur mörkum á fyrstu fimmtán mínútum leiksins, en Kolbeinn Sigbórsson minnkaði muninn um miðjan fyrri hálfleik. Svíar juku forystuna í 3-1 þegar stundarfjórðungur var eftir, en Hallgrímur Jónasson minnkaði muninn í 3-2 með síðustu spyrnu leiksins. Færeyingar komu í heimsókn í Laugardalinn í ágúst í eina vináttuleikinn á heimavelli á árinu. Leikurinn var jafnframt síðasti leikurinn áður en undankeppni HM 2014 hófst í september. Kolbeinn skoraði tvö mörk, á 30. og 90. mínútum, einu mörk leiksins, og 2-0 sigur því staðreynd.

Undankeppnin fyrir HM 2014 í Brasilíu hófst á árinu og er Ísland í riðli með Noregi, Sviss, Slóveníu, Albaníu og Kýpur. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum á Laugardalsvelli fyrir framan 8.352 áhorfendur. Kári Árnason kom Íslandi yfir á 21. mínútu og Alfreð Finnbogason bætti við marki á þeirri 80. og tryggði frábæran 2-0 sigur, þann fyrsta á Norðmönnum síðan 1987. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Kýpur ytra. Því miður náðist ekki að fylgja eftir sigurleiknum gegn Norðmönnum og Kypverjar unnu 1-0 með marki um miðjan síðari hálfleik. Í október voru aftur tveir leikir. Fyrst gegn Albönum í Tirana þar sem úrhellisrigning og blautur völlur settu sitt mark á leikinn. Birkir Bjarnason kom íslenska liðinu yfir á 19. mínútu en heimamenn jöfnuðu tíu mínútum síðar. Upphafi seinni hálfleiks seinkaði verulega á meðan unnið var að því að losa bleytu úr vellinum. Það var svo Gylfi Þór Sigurðsson sem skoraði sigurmarkið beint úr aukaspyrnu tíu mínútum fyrir leikslok, glæsilegt

skot í stöngina fjær og inn. Svisslendingar komu í heimsókn í Laugardalinn fjórum dögum síðar og fóru með 0-2 sigur heim til Sviss eftir að hafa skorað tvö mörk um miðjan síðari hálfleik. Íslenska liðið hefði hæglega getað skorað mörk í leiknum og í nokkur skipti höfnuðu marktilraunirnar í tréverkinu, en allt kom fyrir ekki.

Staðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Sviss	4	3	1	0	7 - 1	6	10
Noregur	4	2	1	1	6 - 5	1	7
Ísland	4	2	0	2	4 - 4	0	6
Albanía	4	2	0	2	5 - 5	0	6
Slóvenía	4	1	0	3	3 - 6	-3	3
Kýpur	4	1	0	3	4 - 8	-4	3

Síðasti leikur ársins var vináttulandsleikur gegn Andorra um miðjan nóvember. Liðið var töluvert breytt frá næstu leikjum þar á undan og vann góðan 2-0 sigur með mörkum Jóhanns Bergs Guðmundssonar og Rúnars Más Sigurjónssonar í sitthvorum hálfleiknum, fyrstu mörk beggja leikmanna fyrir A-landsliðið og var Rúnar jafnframt að leika sinn fyrsta A-landsleik.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Eyjólfur Sverrisson hefur verið við stjórnvölinn hjá U21 landsliði karla síðan 2008 og skrifaði hann undir tveggja ára framlengingu á samningi sínum í desember 2012. Eyjólfur var einnig þjálfari liðsins árin 2003-2005.

Leiknir voru fjórir leikir á árinu, allir í undankeppni EM 2013 - gegn Aserbaídsjan ytra og heima og gegn Noregi og Belgíu ytra. Leikið var gegn Aserbaídsjan á Dalgha-Arena, sem er gervigrasvöllur í Baku, 29. febrúar. Jafnræði var með liðunum og skiptust þau á að sækja. Aserbaídsjan tókst að skora á 41.

mínútu leiksins og þrátt fyrir nokkur fín færi tókst íslenska liðinu ekki að skora og niðurstaðan því eins marks tap.

Annar leikur ársins var einnig gegn Aserbaídsjan, en að þessu sinni á KR-velli 5. júní. Ísland byrjaði betur í leiknum og komst yfir með marki Björns B. Sigurðarsonar á 20. mínútu. Í síðari hálfleik kom Aserbaídsjan mun sterkara til leiks og jafnaði leikinn á 77. mínútu. Ísland fékk nokkur fín færi til að skora sigurmarkið en inn vildi boltinn ekki og svo fór að Aserbaídsjan skoraði mark í uppbótartíma og tryggði sér þar með 2-1 sigur í leiknum.

Þriðji leikurinn var gegn Norðmönnum ytra þann 12. júní, á gervigrasvöllinum á Marienlyst Stadium í Drammen. Greinilegt var að leikmenn ætluðu ekki að láta slæmt tap gegn Aserbaídsjan hafa áhrif á sig. Leikurinn varð hin besta skemmtun, liðin sóttu til skiptis og fékk Ísland fyrsta dauðafæri leiksins, en eins og fyrri daginn gekk liðinu illa fyrir framan mark andstæðinganna. Norðmönnum tókst að komast yfir á 15. mínútu, en íslenska liðið náði að jafna leikinn eftir laglega sókn. Boltinn barst út á hægri kant, þaðan kom fyrirgjöf fyrir markið og þar var Rúnar Már S. Sigurjónsson mættur og skallaði boltann í markið, óverjandi fyrir norska markmanninn. Jafnræði var með liðunum eftir þetta en svo fór að Norðmönnum tókst að skora mark á 86. mínútu sem varð sigurmark leiksins. Niðurstaðan því 1-2 tap gegn Norðmönnum, sem voru virkilega ósanngjörn úrslit.

Fjórdi og síðasti leikurinn var gegn Belgum ytra þann 10. september og var leikið á Freethiel Stadium í Beveren.

Hvorugt lið hafði að neinu að keppa og var það greinilegt á leikmannavali beggja liða að þjálfararnir voru að horfa til framtíðar. Belgar völdu einungis tvo leikmenn úr árgöngum '90 og '91. Eyjólfur Sverrisson valdi hins vegar þá eldri leikmenn sem leika erlendis, en af þeim leikmönnum sem leika á Íslandi valdi hann eingöngu leikmenn sem voru gjaldgengir í næsta U21 lið. Liðin byrjuðu varfærnislega og lék Ísland ágætlega í fyrri hálfleik, en Belgarnir skoruðu þó mark á 20. mínútu. Fyrstu 20 mínúturnar í síðari hálfleik voru líka ágætlega leiknar þó greinilegt væri að Belgarnir væru heldur sterkari. Heimamenn skoruðu svo tvö mörk með stuttu millibili, á 69. og 74. mínútu og voru þar með komnir í þriggja marka forystu. Eftir þetta sóttu þeir látlaust að marki Íslands, sem þó beitti skyndisóknnum og úr einni slíkri komst Emil Atlason einn á móti markmanni Belga sem náði að verja skot Emils. Belgarnir náðu síðan að skora tvö mörk í viðbót, á 89. mínútu og á þriðju mínútu uppbótartíma. Tap upp á 5-0 var því staðreynd í síðasta leik þessarar undankeppni.

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
England	8	7	0	1	24	-3	21
Noregur	8	5	1	2	13	-7	6
Belgía	8	3	2	3	17	-15	2
Aserbaídsjan	8	2	1	5	6	-18	-12
Ísland	8	1	0	7	4	-21	-17

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

U19 LANDSLIÐ KARLA

Kristinn Rúnar Jónsson hefur þjálfað U19 landslið karla síðan í desember 2006 og var samningur hans um þjálfun liðsins framlengdur um tvö ár í desember 2012. Kristinn verður því áfram við stjórnvölinn, a.m.k. út árið 2014.

Liðið lék tvo vináttuleiki við Eista hér heima í september, og voru bæði lið skipuð leikmönnum fæddum 1994 og síðar. Árið áður höfðu þessar tvær þjóðir einmitt mest í tveimur U19 vináttuleikjum í Eistlandi. Íslenska liðið vann sannfærandi sigra í báðum leikjunum, 4-0 í þeim fyrri, sem fram fór á Víkingsvelli, og 3-0 í þeim síðari, sem var leikinn í Grindavík.

Í undankeppni EM var íslenska liðið í riðli með Króatíu, Aserbaídsjan og Georgíu og var leikið í Króatíu seinni hluta október. Fyrsti leikurinn var gegn Aserum og það er óhætt að segja að byrjunin hafi verið góð því Íslendingar komust yfir þegar vallarklukkan sýndi 12 sekúndur. Sannarlega gott veganesti inn í þennan hörkuleik, en Aserar jöfnuðu á 24. mínútu áður en Ísland náði forystu að nýju skömmu fyrir hálfleik og þar við sat og góður sigur í höfn. Annar leikurinn var gegn heimamönnum og var þar um hörkuleik að ræða. Króatar komust yfir á 25. mínútu með sjálfsmarki íslenska liðsins, sem jafnaði metin á 38. mínútu og þannig stóðu leikar í hálfleik. Króatar komust aftur yfir á 59. mínútu en tíu mínútum fyrir leikslok jafnaði íslenska liðið aftur og 2-2 jafntefli var niðurstaðan. Fyrir lokaleikinn gegn Georgíumönnum lá ljóst fyrir að jafntefli myndi duga til að liðið kæmist í milliriðla, en Georgíumenn voru sterkari þennan daginn og unnu 2-0 sigur.

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Króatía	3	2	1	0	11	-3	8
Georgía	3	1	1	1	3	-3	0
Ísland	3	1	1	1	4	-5	-1
Aserbaídsjan	3	0	1	2	3	-10	-7

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Lið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlímánaðar ásamt Svíum, Norðmönnum og Rúmenum. Fyrst var leikið gegn Rúmeníu og vann Ísland þar sannfærandi 4-1 sigur. Næsti leikur var gegn Svíum og vannst aftur sigur, nú 2-0 með tveimur mörkum í seinni hálfleik. Síðasti leikurinn var gegn Norðmönnum, sem komust yfir á 34. mínútu og leiddu í leikhléi. Íslendingar jöfnuðu hinsvegar muninn á 72. mínútu og mörkin í leiknum urðu ekki fleiri. Íslenska liðið vann því þetta mót annað árið í röð.

Lokastaðan í mótinu

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Ísland	3	2	1	0	7-2		5 7
Noregur	3	1	2	0	6-2		4 5
Svíþjóð	3	1	1	1	4-3		1 4
Rúmenía	3	0	3	1	11-10		0

U17 LANDSLIÐ KARLA

Gunnar Guðmundsson var við stjórnvölinn hjá U17 liði karla á árinu, en hann tók við þjálfun þess árið 2009.

Liðið sem hafði unnið sinn undanriðil í Ísrael haustið 2011, skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar, fór til keppni í milliriðli í Skotlandi í lok mars 2012. Ásamt heimamönnum voru Danir og Litháar með Íslendingum í riðli og var fyrsti leikurinn gegn Dönnum. Eftir markalausan fyrri hálfleik komu þrjú mörk í upphafi þess seinni. Fyrst skorðu Danir, þá jafnaði íslenska liðið, og Danir komust yfir á ný áður en Ísland jafnaði metin og urðu lokatölur leiksins 2-2. Annar leikurinn var gegn Skotum og var eina mark leiksins íslenskt, í upphafi síðari hálfleiks. Fyrir lokaumferðina voru Íslendingar og Danir jafnir að stigum en markatala Dana var betri og var

því mikil spenna fyrir leikinn gegn Litháum. Skemmst er frá því að segja að Ísland vann 4-0 stórsigur og þegar staðfest var að Danir hefðu aðeins unnið skota 3-2 var sætið í úrslitakeppninni tryggt á betra markahlutfalli en Danir.

Lokastaðan í milliriðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Ísland	3	2	1	0	7-2		5 7
Danmörk	3	2	1	0	8-5		3 7
Skotland	3	1	0	2	3-4		-1 3
Litháen	3	0	0	3	1-8		-7 0

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í annað skipti á 6 árum var Ísland með lið í 8-liða úrslitum Evrópumótsins og að þessu sinni var leikið í Slóveníu. Ísland dróst í riðil með Frökkum, Georgíumönnum og Þjóðverjum. Fyrsti leikurinn var gegn Frökkum, sem komust í 2-0 og útlitið ekki bjart, en með miklu harðfylgi tókst íslenska liðinu að jafna metin með tveimur mörkum á síðustu fimmtán mínútum leiksins. Næstu mótherjar voru Þjóðverjar, sem unnu 1-0 sigur með marki í fyrri hálfleik. Fyrir síðustu umferðina í riðlinum áttu öll fjögur liðin möguleika á að komast í undanúrslit. Leikurinn gegn Georgíu var jafn og bæði lið áttu sín færi, en það voru Gerorgíumenn sem skorðu eina mark leiksins 10 mínútum fyrir leikslok og tryggðu sér sæti í undanúrslitum.

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Þýskaland	3	3	0	0	5-0		5 9
Georgía	3	1	1	1	2-2		0 4
Frakkland	3	0	2	1	3-6		-3 2
Ísland	3	0	1	2	2-4		-2 1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Opna Norðurlandamótið var að þessu sinni haldið í Færeyjum 2.-7. ágúst, með þátttöku leikmanna sem fæddir eru 1996 og síðar. Var íslenska liðið í riðli með Svíum, Dönnum og U19 liði

Færeyja sem tók þátt þar sem ekki tókst að fá gestalið á mótið. Fyrsti leikurinn var gegn Svíum í Þórshöfn. Sænska liðið komst yfir á 14. mínútu en íslenska liðið jafnaði metin á þeirri 29. Eina mark síðari hálfleiks kom svo á 46. mínútu, sænskt sigurmark leiksins. Annar leikurinn var gegn U19 liði Færeyja sem komst í 3-0 með mörkum á 36., 50. og 52. mínútu, og náði þar með öruggri forystu í leiknum, en Ísland minnkaði muninn á lokamínútunni. Þriðji leikurinn var gegn Dönnum, sem unnu 2-0 sigur með tveimur mörkum í fyrri hálfleik. Íslenska liðið hafnaði því í neðsta sæti riðilsins með ekkert stig og lék um 7. sætið gegn Færeyingum, sem skorðu strax á 7. mínútu. Íslenska liðið svaraði fyrir sig tuttugu mínútum síðar og lauk leiknum með 1-1 jafntefli. Heimamenn höfðu svo betur í vítakeppninni sem fylgdi, 5-4, og því var það hlutskipti Íslands að hafna í 8. og neðsta sæti. Svíar urðu Norðurlandameistarar eftir 2-0 sigur á Englendingum í úrslitaleik, Norðmenn þriðju eftir 2-1 sigur á Dönnum.

NM B-riðill - Lokastaðan

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Svíþjóð	3	3	0	0	8-3		5 9
Danmörk	3	2	0	1	8-3		5 6
Færeyjar U19	3	1	0	2	4-9		-5 3
Ísland	3	0	0	3	2-7		-5 0

Riðill Íslands í undankeppni EM var leikinn á Möltu um mánaðamótin september-október og voru mótherjarnir, auk heimamanna, Norðmenn og Portúgalar. Fyrsti leikurinn var gegn Portúgölum sem voru komnir í 2-0 forystu eftir 17 mínútur og bættu svo við tveimur í viðbót um miðjan síðari hálfleik. Ísland náði að klóra í bakkann á síðustu 10 mínútum leiksins með tveimur mörkum, því síðara úr vítaspurnu. Annar leikurinn var gegn Norðmönnum sem unnu 2-0

sigur með einu marki í hvorum hálfleik. Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum og vann íslenska liðið þar 2-0 sigur og komu bæði mörkin í fyrri hálfleik.

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Noregur	3	3	0	0	5-1	4	9
Portúgal	3	2	0	1	6-4	2	6
Ísland	3	1	0	2	4-6	-2	3
Malta	3	0	0	3	2-6	-4	0

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í desember 2012 var tilkynnt um ráðningu Þorláks Árnasonar sem þjálfara U17 liðs karla næstu tvö árin. Þorlákur var áður þjálfari U17 landsliðs kvenna og er jafnframt þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Stjörnunni. Gunnar Guðmundsson hélt til annarra verkefna, sem þjálfari Selfoss, sem leikur í 1. deild karla sumarið 2013.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Fjölmargir Íslendingar léku að venju með erlendum félagsliðum á árinu, sem atvinnumenn víðs vegar um Evrópu. Karlarnir voru á mála hjá félögum í 10 Evrópulöndum, allt frá Noregi til Tyrklands, en konurnar voru í félögum í Noregi og Svíþjóð. Langstærstur hluti íslenskra atvinnumanna leikur með félagsliðum í Skandinavíu, eða rúmlega 50 af þeim tæplega 80 íslenskum leikmönnum í heild sem hafa atvinnu sína af knattspyrnuíðkun hjá erlendum félagsliðum. Hér að neðan er stiklað á stóru um nokkra þessara leikmanna.

Belgía

Belgía virðist vera vinsæll áfangastaður íslenskra leikmanna um þessar mundir, en þar eru Íslendingar á mála hjá fimm liðum. Þar á meðal er lið Cercle Brugge, sem Arnar Þór Viðarsson hefur leikið með síðustu árin, en

Arnar hefur leikið í Belgíu meira og minna síðustu 15 árin. Eiður Smári Guðjohnsen varð liðsfélagi hans á haustmánuðum, fór hreinlega á kostum og skoraði nánast í hverjum leik um skeið. Í janúar 2013 færði Eiður sig svo um set yfir til helstu keppinautanna í Club Brugge.

Danmörk

Aron Jóhannsson er ungur framherji sem virtist geta skorað að vild í dönsku úrvalsdeildinni. Hann skoraði meðal annars fjögur mörk í einum leik og varð samstundis umtalaðasti leikmaður deildarinnar. Í janúar 2013 var Aron síðan seldur til hollenska liðsins AZ Alkmaar. Þrír Íslendingar voru á mála hjá stærsta liði Danmerkur - FC København, þeir Ragnar Sigurðsson, Sölvi Geir Ottesen, og Rúrik Gíslason, sem gekk til liðs við FCK um haustið.

England

Gylfi Þór Sigurðsson var á mála hjá þýska liðinu Hoffenheim í byrjun árs, en gekk frá lánsamningi til Swansea í janúarglugganum. Þar fór hann á kostum með þessu welska liði sem leikur í ensku úrvalsdeildinni og var m.a. útnefndur besti leikmaður deildarinnar í mars. Um sumarið var hann síðan keyptur til Lundúnaliðsins Tottenham Hotspur. Hjá Cardiff leika tveir Íslendingar lykilhlutverk, landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson og Heiðar Helguson, sem hefur verið iðinn við kolann í markaskorun.

Holland

Þrír Íslendingar voru lykilmenn í sínum liðum í hollensku deildinni, allt landsliðsmenn og allt leikmenn sem gegndu stóru hlutverki í U21 landsliðinu sem komst í úrslitakeppni EM í Danmörku 2011. Jóhann Berg

Guðmundsson var inn og út úr liði AZ Alkmaar framan af árinu, en hafði unnið sér fast sæti í byrjunarliðinu um haustið. Kolbeinn Sigþórsson, leikmaður Ajax, átti við meiðsli að stríða meginpart vetrarins, en náði þó að skora 7 mörk í 14 deildarleikjum og fagnaði hollenskum meistaratitli um vorið. Alfreð Finnbogason var reyndar nokkuð á faraldsfæti á árinu. Hann hóf árið sem leikmaður Lokeren í Belgíu og var lánaður þaðan til sænska liðsins Helsingborg, þar sem hann skoraði 12 mörk í 17 leikjum og í kjölfarið seldi Lokeren hann til Heerenveen í Hollandi. Þar hefur Alfreð farið á kostum og skorað nánast í hverjum leik. Guðlaugur Victor Pálsson gekk til liðs við bandaríska liðið New York Red Bulls í MLS-deildinni þar í landi og lék 16 leiki með liðinu, áður en hann var lánaður til NEC Nijmegen í Hollandi, þar sem hann var fastamaður á miðju liðsins.

Ítalía

Það hafa ekki margir íslenskir leikmenn leikið á Ítalíu í gegnum tíðina. Lengi vel var sá eini Albert Guðmundsson, sem lék með AC Milan við góðan orðstír um miðja síðustu öld. Í dag eru þrír Íslendingar á mála hjá ítölskum félagsliðum. Hörður B. Magnússon leikur með unglíngum og varaliði Juventus. Emil Hallfreðsson var nálægt því að fara upp í efstu deild með Verona um vorið, en lið hans hafnaði í 4. sæti deildarinnar og tapaði í umspili um sæti í efstu deild. Verona og Emil hafa verið í toppbaráttunni að nýju á þessum vetri og eru líklegir til að fara upp. Birkir Bjarnason var lánaður frá belgíska félaginu Standard Liege til Pescara, sem leikur í efstu deild, Seríu A. Það tók Birki tíma að komast í byrjunarlið Pescara, en við þjálfaraskipti í

nóvember var ekki aftur snúið. Birkir var settur beint í byrjunarliðið af nýja þjálfaranum og er orðinn einn af lykilmönnum liðsins.

Kasakstan

Það hljómar ólíklegur áfangastaður fyrri íslenskan knattspyrnumann en Hannes Þ. Sigurðsson, sem leikið hafði með Spartak Nalchik í Rússlandi, flutti sig um set á árinu og gekk til liðs við Atyrau í Kasakstan. Þar lék hann 15 leiki og skoraði 3 mörk, sem dugði honum til að verða markahæsti leikmaður liðsins um haustið.

Noregur

Í Noregi voru tveir Íslendingar í lykilhlutverki hjá Start, sem vann öruggan sigur í næst efstu deildinni þar í landi. Þetta voru þeir Matthías Vilhjálmsson, sem varð næst markahæsti leikmaður deildarinnar með 18 mörk, og Guðmundur Kristjánsson. Indriði Sigurðsson var lykilmaður í liði Viking frá Stafangri og lék í hjarta varnarinnar þar, á meðan Steinþór Freyr Þorsteinsson var maðurinn á bak við sóknarleik Sandnes Ulf. Íslendingarnir voru hvergi fleiri en hjá kvennaliði Avaldsnes, sem rúllaði upp næst efstu deildinni. Í liðinu voru fjórir Íslendingar, sem allir gegndu lykilhlutverki. Þetta voru þær Björk Björnsdóttir markvörður, Hólmfríður Magnúsdóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir og Þórunn Helga Jónsdóttir. Hólmfríður og Kristín Ýr skoruðu samtals 49 mörk í deildinni.

Svíþjóð

Helgi Valur Daníelsson lék sitt þriðja tímabil með AIK Solna og var sem fyrr lykilmaður á miðju liðsins, sem komst í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Hjálmar Jónsson er einn af reyndustu leikmönnum sænsku deildar-

innar, en hann hefur verið á mála hjá IFK Gautaborg í meira en áratug, lykilmaður í vörn liðsins. Hjörtur Logi Valgarðsson leikur einnig í vörn Gautaborgarliðsins og lék hann sitt annað tímabil með liðinu. Ari Freyr Skúlason var fyrri liði Sundsvall, sem var nýliði í efstu deildinni, en féll um haustið eftir umspil við Halmstad, þar sem Guðjón Baldvinsson og Kristinn Steindórsson leiddu sóknarleikinn og röðuðu inn mörkum. Annar Íslendingur sem raðaði inn mörkunum var Gunnar Heiðar Þorvaldsson, sem skoraði 17 mörk fyrir Norrköping og endaði sem annar markahæsti leikmaður efstu deildarinnar. Þóra Björg Helgadóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir voru lykilmenn í liði Ldb FC Malmö, sem missti naumlega af sænska meistaratitlinum í lokaumferðinni. Þóra Björg var jafnframt valin besti markvörður deildarinnar í lok móts. Í Kristianstads DFF hefur verið hálfgerð Íslendinganýlenda í nokkur ár. Elísabet Gunnarsdóttir er þjálfari liðsins og með liðinu léku Katrín Ómarsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Sif Atladóttir lykilhlutverk. Landsliðsfyrirliðinn Katrín Jónsdóttir lék í hjarta varnar Djurgården og Guðbjörg Gunnarsdóttir í markinu, en lið þeirra hafnaði í næst neðsta sæti deildarinnar og féll niður um deild.

Tyrkland

Grétar Rafn Steinsson hafði verið á mála hjá enska liðinu Bolton Wanderers síðan 2008 þegar hann söðlaði um á árinu og gekk í raðir Kayserispor, sem leikur í efstu deild Tyrklands. Grétar varð strax fastamaður í vörn tyrkneska liðsins og lék lengst af í hægri bakverði.

Þýskaland

Hólmar Örn Eyjólfsson fylgir í fótspor föður síns, Eyjólfssverrissonar sem lék lengst af í Þýskalandi, og leikur með þýska liðinu Bochum í næst efstu deild þar í landi. Hólmar hefur smám saman verið að festa sig í sessi og ýmist leikið sem miðvörður eða hægri bakvörður.

SKORAÐI 4 MÖRK Í 3 A-LANDSLEIKJUM

Kolbeinn Sigþórsson tók þátt í þremur vináttulandsleikjum A-landsliðs karla á árinu. Framherjinn knái sýndi það og sannaði að hann er mikill markaskorari, því hann skoraði fjögur mörk í þessum þremur leikjum. Hann opnaði markareikning sinn á árinu gegn Frakklandi, bætti við öðru marki gegn Svíþjóð og skoraði svo bæði mörkin gegn Færeyingum á Laugardalsvelli. Það var því skarð fyrir skildi hann skyldi meiðast og ekki geta tekið þátt í þeim leikjum sem voru framundan í undankeppni HM 2014. Alls hefur Kolbeinn nú leikið 11 A-landsleiki og skorað í þeim 8 mörk, sem myndi teljast frábær árangur með hvaða landsliði sem er í heiminum.

BIRKIR BJARNASON LÉK FLESTA LEIKI Á ÁRINU

Enginn leikmaður A-landsliðs karla náði stórum leikjaáfangi á árinu (25, 50 eða 100 leikir skv. skilgreiningu í reglugerð þar um). Alls voru leiknir 10 landsleikir A karla á árinu og tók enginn leikmaður þátt í þeim öllum. Birkir Bjarnason var sá leikmaður sem tók þátt í flestum leikjum, alls 9, eða öllum nema fyrsta leik ársins, vináttuleik gegn Japan í Osaka, og var hann í byrjunarliði í þeim öllum.

HÓLMAR ÖRN SETTI LEIKJAMET U21 KARLA

Hólmar Örn Eyjólfsson var fyrirliði U21 landsliðs karla á árinu og setti hann jafnframt nýtt met í fjölda leikja með U21 landsliði Íslands. Hólmar hefur alls leikið 27 leiki með U21 liðinu og er þar með kominn upp fyrir Bjarna Þór Viðarsson, sem lék 26 leiki. Á eftir Bjarna Þór kemur Birkir Bjarnason sem hefur leikið 25 leiki fyrir U21 landsliðið. Hólmar Örn lék sinn fyrsta A landsleik á árinu.

LÉKU MEÐ TVEIMUR LANDSLIÐUM Á ÁRINU

Fjórir leikmenn sem léku með U21 landsliði karla á árinu stigu einnig sín fyrstu skref með A liðinu. Þetta voru þeir Hólmar Örn Eyjólfsson, Jón Daði Böðvarsson, Rúnar Már Sigurjónsson og Þórarinn Ingi Valdimarsson. Rúnar Már afrekaði það jafnframt að skora fyrir bæði U21 og A liðið. Alls komu 16 leikmenn við sögu hjá bæði U17 og U19 landsliðum karla á árinu. Rúnar Alex Rúnarsson lék með báðum liðunum á árinu og var í hóp í einum leik hjá U21 liðinu.

ARON EINAR FORMLEGA ÁMINNTUR FYRIR UMMÆLI

Í október viðhafði Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði A-landsliðs karla, ósæmileg ummæli um Albani í viðtali við íslenskan fjölmiðil. Aron baðst opinberlega afsökunar og slíkt hið sama gerði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ. Formaður Knattspyrnusambands Albaníu sýndi sanna vináttu og tók þær afsakanir góðar og gildar. Hann lýsti því jafnframt yfir að engir eftirmálar yrðu af hálfu albanska knattspyrnusamband-

sins vegna málsins. Stjórn KSÍ tók málið fyrir og í yfirlýsingu stjórnar kom m.a. neðangreint fram: „*Stjórn KSÍ harmar ummæli þau sem Aron Einar Gunnarsson lét falla fyrir landsleik Albaníu og Íslands í undankeppni HM 12. október síðastliðinn. Ummælin voru ósæmileg og á engan hátt í takt við það starf KSÍ að efla háttvísi sem og samskipti og skilning þjóða á milli. Leikmenn knattspyrnulandsliða Íslands lúta agavaldi þjálfara og það sama gildir í tilfelli Arons. Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari A-liðs karla, velur landslið Íslands og fyrirliða þess. Lars hefur ákveðið að veita Aroni formlega áminningu, en jafnframt fái hann annað tækifæri til að sanna sig sem fyrirliði íslenska landsliðsins. Stjórn KSÍ unir þeirri ákvörðun þjálfarans að áminna leikmanninn formlega fyrir framkomu sem ekki má endurtaka sig.*“

256 LEIKMENN TÓKU ÞÁTT Í LANDSLEIKJUM

Alls tóku 256 leikmenn þátt í landsleikjum ársins, og er þá átt við öll landslið hjá báðum kynjum. Leikmenn sem voru í hóp eða á varamannabekk, en komu ekki við sögu í leikjum eru ekki taldir með, heldur eru eingöngu taldir leikmenn sem voru í byrjunarliði eða komu inn á sem varamenn.

Leikmönnum sem tóku þátt í verkefnum hjá kvennalandslíðum fjölgaði nokkuð milli ára. Fjölgun er í öllum landsliðunum (A+3, U19+3, U17+4), en megin-skýringin er þó sú að fram fór einn U23 landsleikur á árinu, við Skota í ágúst, og þar tóku 18 leikmenn þátt. Heildarfjölgunin milli ára er því 28 leikmenn, fer úr 87 árið 2011 upp í 115 á árinu 2012.

Karlamegin fækkaði heildarfjölda leikmanna sem tóku þátt í verkefnum um 10, en mikill munur er þó á breytingum milli einstakra liða. Fjöldi leikmanna sem tóku þátt í leikjum U17 karla náði methæðum á árinu 2011 þar sem Ísland sendi tvö lið til þátttöku á Norðurlandamóti U17 það ár, sem leikið var hér á landi. Þar fækkaði því leikmönnum um 12 milli ára, eins og hjá U21 liði karla, sem skýrist af því að liðið lék í úrslitakeppni EM árið 2011 og það ár voru því í raun tvö U21 lið í verkefnum. Á móti kemur að leikmönnum sem tóku þátt í leikjum A landsliðs karla fjölgaði um ellefu – voru alls 31 árið 2011 en 42 á árinu 2012. Breytingin er því alls tíu leikmenn milli ára, eða 151 leikmaður árið 2011 niður í 141 árið 2012.

A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við A-landsliði kvenna í janúar 2007 og hafði í lok árs 2012 stjórnað liðinu í alls 67 leikjum. Guðni Kjartansson hefur verið aðstoðarþjálfari Sigurðar þessi ár.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup í Portúgal, þar sem liðið tapaði tveimur leikjum í riðlakeppninni, gegn Þýskalandi 0-1 og gegn Svíþjóð 1-4, en vann 1-0 sigur í lokaleik riðilsins, gegn Kína. Dóra María Lárusdóttir skoraði markið gegn Svíum og Fanndís Friðriksdóttir markið gegn Kína. Leikið var við Dani um 5. sætið og lauk leiknum með 3-1 sigri Dana. Hólmsfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum.

Fyrsti leikurinn í undankeppni EM var gegn Belgum ytra í apríl og var niðurstaðan 0-1 tap. Í júní var svo tekið á móti Ungverjum á

heimavelli og öruggur 3-0 sigur leit dagsins ljós. Fimm dögum síðar var leikið við Búlgaríu úti og þar vann Ísland risasigur, 10-0, hreint ótrúlegt að ná tveggja stafa tölu. Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir skoruðu allar tvennu í leiknum. Lokaleikir riðilsins voru svo undirbúnir með vináttuleikjum gegn Skotum ytra í byrjun ágúst þar sem leikið var bæði með A liðið og U23 lið. Jafntefli varð niðurstaðan í báðum leikjunum, 1-1 hjá A liðinu og 2-2 hjá U23. Markið í A leiknum skoraði Sandra María Jessen, sem var þarna að skora sitt annað mark í jafn mörgum A landsleikjum, í bæði skiptin eftir að hafa komið inn á sem vara- maður. Mörk U23 skoruðu þær Dagný Brynjarsdóttir og Elín Metta Jensen. Þann 15. september var tekið á móti N-Írum á Laugardalsvellinginum og 2-0 sigur tryggði Íslandi 2. sætið í riðlinum. Hólmfríður og Fanndís skoruðu mörk Íslands. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Noregi í Osló þar sem jafntefli hefði tryggt farmiðann í úrslitakeppni EM í Svíþjóð. Í jöfnum og spennandi leik skoraði Noregur tvísvar en íslenska liðið aðeins einu sinni, en það gerði Margrét Lára Viðarsdóttir, stórglæsilegt mark eftir frábæran samleik. Ísland hafnaði því í öðru sæti riðilsins og þurfti að leika aukaleiki um laust sæti á EM. Dregið var um mótherja og fékk Ísland það hlutskipti að leika við Úkraínu. Fyrri leikurinn fór fram í Sevastopol í Úkraínu og lauk honum með 3-2 sigri Íslands. Mörkin skoruðu þær Katrín Ómarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir. Seinni viðureignin fór fram á Laugardalsvelli 25. október. Henni lauk með 3-2 sigri Íslands og þar með var sætið á EM 2013 tryggt. Mörkin skoruðu þær Margrét Lára, Katrín Ómarsdóttir

og Dagný Brynjarsdóttir, fyrir framan metfjölda áhorfenda á kvennalandsleik á Íslandi, 6.647.

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net Stig
Noregur	10	8	0	2	35 - 9	26 24
Ísland	10	7	1	2	28 - 4	24 22
Belgía	10	6	2	2	18 - 8	10 20
Norður-Írland	10	3	2	5	12 - 15	-3 11
Ungverjaland	10	3	1	6	18 - 22	-4 10
Búlgaríu	10	0	0	10	1 - 54	-53 0

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 lið kvenna, eins og hann hefur gert alveg síðan 1999, en hann hefur stýrt U19 landsliði kvenna í öllum leikjum þess, nema þeim fyrsta. Samningur Ólafs Þórs var endurnýjaður til tveggja ára í desember 2012.

Í byrjun mars tók lið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar þátt í undirbúningsmóti á La Manga á Spáni og lék þar þrjá leiki. Fyrsti leikurinn var gegn Skotum og tapaði íslenska liðið naumlega 0-1. Öðrum leik liðsins lauk einnig með ósigri, gegn Noregi 1-2. Íslenska liðið vann síðan 3-2 sigur á Englandi í lokaleik sínum. Um mánaðamótin mars/apríl lék sama lið í milliriðlum EM og fór riðillinn fram í Hollandi. Í fyrsta leiknum var leikið gegn heimamönnum og lauk leiknum með 1-1 jafntefli. Annar leikur liðsins var gegn Rúmenum og tapaði íslenska liðið 0-2. Í lokaleiknum í riðlinum tapaði íslenska liðið svo naumlega gegn Frökkum, sem skoruðu eina mark leiksins.

Lokastaðan í milliriðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net Stig
Rúmenía	3	2	1	0	4 - 1	3 7
Frakkland	3	2	0	1	2 - 1	1 6
Holland	3	0	2	1	2 - 3	-1 2
Ísland	3	0	1	2	1 - 4	-3 1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í september lék lið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar í undankeppni EM í Danmörku. Fyrsti leikurinn var gegn Slóvakíu og vann íslenska liðið öruggan sigur, 4-0. Liðið sigraði einnig örugglega í sínum öðrum leik, 5-0 gegn Moldavíu. 1-3 tap í lokaleiknum gegn Dönnum kom ekki að sök, íslenska liðið var öruggt áfram í milliriðla. Þess má geta að Elín Metta Jensen, sem lék sína fyrstu A-landsleiki á árinu, skoraði fimm mörk í þessum þremur leikjum.

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net Stig
Danmörk	3	3	0	0	19 - 1	18 9
Ísland	3	2	0	1	10 - 3	7 6
Slóvakía	3	0	1	2	1 - 10	-9 1
Moldavía	3	0	1	2	1 - 17	-16 1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Þorlákur Árnason stóð vaktina sem þjálfari U17 landsliðs kvenna út apríl, en hann tók við liðinu í byrjun árs 2009. Í maí var tilkynnt um ráðningu Úlfars Hinrikssonar, sem hefur m.a. starfaði sem þjálfari U21 kvenna og sem aðstoðarþjálfari A og U19 kvenna ásamt því að gegna þjálfarastörfum hjá félagsliðum.

Í mars voru leiknir tveir vináttuleikir við Dani í Reykjavík og var íslenska liðið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar. Þeim fyrri lauk með 2-1 sigri Íslands, en þeim síðari með markalausum jafntefli. Í apríl lék þetta sama lið svo í milliriðlum EM í Belgíu. Ísland byrjaði riðillinn vel og lagði England með einu marki gegn engu. Í öðrum leik sínum tapaði íslenska liðið naumlega 0-1 fyrir Sviss, en í síðasta leiknum var aftur komið að sigurleik, í þetta sinn 3-1 gegn Belgíu. Þrátt fyrir þennan góða árangur komst liðið ekki í úrslitakeppnina. Þar með

lauk þætti þjálfarans Þorláks Árnasonar með liðinu og Úlfar Hinriksson tók við.

Lokastaðan í milliriðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Sviss	3	2	1	0	5-3	2	7
Ísland	3	2	0	1	4-2	2	6
England	3	1	0	2	1-2	-1	3
Belgía	3	0	1	2	4-7	-3	1

Innbýrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Noregi, en þar léku leikmenn fæddir 1996 og síðar, og var það að flestra mati best skipulagða Norðurlandamótið frá upphafi. Fyrstu tveir leikir Íslands voru tapleikir, 0-1 gegn bæði Finnum og Svíum. Þriðja leik liðsins lauk einnig með ósigri, í þetta sinn 0-4 gegn Frökkum. Betur gekk í leik um sæti en þar vannst 2-0 sigur á Dönnum í leik um 7. sætið.

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Svíþjóð	3	3	0	0	7-0	7	9
Frakkland	3	2	0	1	9-2	7	6
Finnland	3	1	0	2	2-10	-8	3
Ísland	3	0	0	3	0-6	-6	0

Í október lék sami aldurshópur og lék á NM í undankeppni EM 2012 í Slóveníu. Ísland hóf riðilinn á góðum 3-0 sigri á liði heimamanna þar sem Oddný Karólína Hafsteinsdóttir skoraði öll mörk Íslands, og í næsta leik vannst 5-1 sigur á Eistlandi. Lokaleikur liðsins í riðlinum var gegn Tékkum og lauk honum með 0-2 tapi Íslands. Þess má geta að ef íslenska liðið hefði „einungis“ tapað 0-1 hefði það nægt liðinu til að komast í milliriðil, en fimm lið með bestan árangur í 2. sæti komust í milliriðil (Ísland var með 6. besta árangur).

Lokastaðan í riðlinum

Land	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Tékkland	3	3	0	0	9-0	9	9
Ísland	3	2	0	1	8-3	5	6
Slóvenía	3	1	0	2	3-7	-4	3
Eistland	3	0	0	3	1-11	-10	0

Innbýrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

SARA BJÖRK YFIR 50 LEIKI

A landslið kvenna lék alls 12 leiki á árinu sem leið. Tveir leikmenn tóku þátt í öllum leikjunum, Dóra María Lárusdóttir og Fanndís Friðriksdóttir, sem hefur nú leikið 33 A landsleiki og fór þar með yfir 25 leikja markið á árinu, eins og Hallbera Guðný Gísladóttir. Sara Björk Gunnarsdóttir náði hins vegar stærsta áfanganum þegar hún fór yfir 50 leikina. Það gerði hún í vináttuleik við Skota og bar hún jafnframt fyrirliðabandið í þeim leik, þar sem Katrín Jónsdóttir, sem allajafna gegnir stöðu fyrirliða, var ekki með vegna meiðsla. Katrín heldur þó áfram að bæta leikjamet sitt. Hún lék 11 leiki á árinu og hefur nú leikið 122 A landsleiki fyrir Íslands hönd.

LÉKU MEÐ ÖLLUM FJÓRUM KVENNALANDSLIÐUNUM 2012

Eins og gengur og gerist var nokkuð um það á árinu að leikmenn léku með fleiri en einu landsliði á árinu, og oftast þegar það gerist er það milli U17 og U19 landsliða. Á árinu gerðist það hins vegar að þrír leikmenn léku með öllum fjórum kvennalandsliðunum á árinu, þ.e. U17, U19, U23 (sem lék einn leik) og A liðinu. Þetta voru þær Elín Metta Jensen, Sandra María Jessen og Glódís Perla Viggósdóttir. Tíu leikmenn (þar á meðal þessar þrjár fyrrnefndu) léku með bæði U17 og U19 kvenna á árinu. Þrír leikmenn til viðbótar léku bæði með U19 og U23 liðinu. Einn leikmaður lék með U19 og svo A liðinu. Fjórir leikmenn léku með U23 og A liðunum. Þess má geta að UEFA hefur nú sett reglur sem hamlar því að leikmenn geti leikið með mörgum landsliðum á einu ári.

NÝTT ÁHORFENDAMET Á KVENNALANDSLEIK

Áhorfendamet á kvennalandsleik var sett í seinni umspilsleiknum gegn Úkraínu um sæti í úrslitakeppni EM 2013, þegar 6.647 áhorfendur mættu á Laugardalsvöllinn. Stemningin var frábær og átti að sögn leikmanna stærri þátt í þessum sigri heldur en kannski flestir geta ímyndað sér. Fyrri metið var sett í leik gegn Serbíu í undankeppni EM 2009, þegar tæplega 6 þúsund manns mættu.

10 MILLJÓNA KRÓNA AFREKSSTYRKUR A-KVENNA

Stjórn KSÍ ákvað í lok október að veita íslenska kvennalandsliðinu 10 milljóna króna afreksstyrk vegna glæsilegs árangurs. Sem kunnugt er tryggði liðið sér sæti í úrslitakeppninni í Svíþjóð sem fram fer í júlí.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla lauk árinu 2012 í 90. sæti styrkleikalista FIFA. Sé miðað við lokastöðu síðustu tveggja árána þar á undan hefur leiðin legið vel upp á við. Í lok árs 2010 var liðið í 112. sæti og hafði þá fallið um heil 20 sæti milli ára. Í árslok 2011 var Ísland í 104. sæti og hafði hækkað um átta sæti milli ára, og á árinu sem leið voru stigin fjórtán skref upp á við. Séu einungis Evrópuþjóðir teknar með í reikninginn var Ísland í 40. sæti í lok árs 2012. Árið hefur reyndar verið svolítil rússíbanareid á þessum lista. Í mars féll liðið niður í 121. sæti og í apríl niður í 131. sæti, sem er lægsta staða þess á styrkleikalistanum frá upphafi. Fram í ágúst var liðið í sætum 129-131. Í kjölfarið komu tvö stökk, fyrst upp í sæti 118 í september og svo upp fyrir

hundraðið í sæti 97 í október. Eins og fyrr segir var lokastaða liðsins á árinu síðan 90. sæti.

FIFA-listi karlalandsliða 2012

Mánuður	Sæti
Desember	90
Nóvember	96
Október	97
September	118
Ágúst	130
Júlí	129
Júní	131
Máí	131
Apríl	131
Mars	121
Febrúar	103
Janúar	104

Listinn er gefinn út mánaðarlega.

A-landslið kvenna lauk árinu 2012 í 15. sæti á styrkleikalista FIFA, því sama og árið á undan, sem er jafnframt hæsta staða sem Ísland hefur náð á listanum. Meðalstaða Íslands frá því listinn var fyrst birtur er 17. sæti og hefur liðið lægst farið niður í sæti númer 21 árin 2006 og 2007. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 9. sæti í árslok 2012, eins og árið áður. Athyglisvert er að innan Evrópu eru Norðurlandaþjóðirnar Svíþjóð (3. sæti), Noregur (6. sæti), Danmörk (7. sæti) og Ísland allar á topp 10 á listanum, og Finnland er ekki langt undan, í 11. sæti. Allar þessar þjóðir leika í úrslitakeppni EM 2013, sem fram fer í Svíþjóð, og voru einnig í úrslitakeppninni 2009 í Finnlandi.

FIFA-listi kvennalandsliða 2012

Mánuður	Sæti
Desember	15
Ágúst	16
Júní	17
Mars	15

Listinn er gefinn út fjórum sinnum á ári.

ENN EITT METÁRIÐ Í LANDSLEIKJAFJÖLDA

Verkefnum landsliða fjölgar stöðugt og á árinu 2012 voru alls leiknir 69 landsleikir. Þar með er um enn eitt metárið að ræða hvað þetta varðar, en met voru síðast sett árin 2009 (66 leikir) og 2011 (67 leikir). Spennandi verður að sjá hvort 70 leikja múrinn verður rofinn á næstu árum. Leikjum A landsliðs karla fjölgaði milli ára úr 6 í 10 á árinu sem leið og leikjum A kvenna fjölgar úr 9 í 12. Fyrir 20 árum (1992) voru landsleikirnir alls 34, og fyrir 10 árum (2002) voru þeir alls 45. Landsleikir ársins 2012 skiptast þannig niður á liðin:

A landslið karla:	10 leikir
U21 karla:	4 leikir
U19 karla:	8 leikir
U17 karla:	13 leikir
A landslið kvenna:	12 leikir
U23 kvenna:	1 leikur
U19 kvenna:	9 leikir
U17 kvenna:	12 leikir

GYLFI ÞÓR OG ÞÓRA BJÖRG KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Þóru Björgu Helgadóttur knattspyrnufólk ársins 2012. Þetta er í níunda skiptið sem knattspyrnufólk ársins er sérstaklega útnefnt af KSÍ. Það eru fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni, er velja knattspyrnufólk ársins. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin hjá körlum og konum.

Gylfi Þór Sigurðsson sló í gegn í ensku úrvalsdeildinni á árinu en hann var lánaður frá þýska félaginu Hoffenheim til Swansea um áramótin. Hann lék 18 leiki með Swansea og skorað í þeim 7 mörk og var m.a. kosinn besti leikmaður ensku úrvalsdeildar-

innar í marsmánuði. Hann var eftirsóttur eftir tímabilið og gekk að lokum til liðs við Tottenham. Gylfi lék átta landsleiki á árinu og skoraði í þeim eitt mark, glæsilegt sigurmark í útileik gegn Albaníu. Hann hefur samtals leikið 14 A-landsleiki og skorað í þeim tvö mörk.

Þóra Björg Helgadóttir var sem fyrr einn af lykilleikmönnum sænska liðsins Malmö og stóð í markinu í öllum leikjum liðsins. Hún var þar að auki valin besti markvörður úrvalsdeildarinnar í Svíþjóð að tímabilinu loknu. Þóra lék 11 landsleiki Íslands á árinu og var einn lykilmanna landsliðsins sem tryggði sér sæti í úrslitakeppni EM sem fram fer í Svíþjóð. Þóra hefur leikið 92 A-landsleiki á ferlinum og ekki ólíklegt að sá hundraðasti bætist í safnið á árinu 2013.

KNATTSPYRUFÓLK Á TOPP 10

Knattspyrnufólk var sem fyrr áberandi í kjöri Samtaka Íþróttamanna á Íþróttamanni ársins, þó ekkert þeirra hafi náð í þrjú efstu sætin að þessu sinni. Gylfi Þór Sigurðsson hafnaði í 4. sæti, Þóra B. Helgadóttir í 5. sæti og Alfreð Finnbogason í 7. sæti. Þetta var í 57. sinn sem íþróttamaður ársins er valinn og hafa alls sjö knattspyrnumenn hlotið útnefninguna, þar af tveir tvisvar sinnum.

Ár	Íþróttamaður ársins
2011	Heiðar Helguson
2007	Margrét Lára Viðarsdóttir
2005	Eiður Smári Guðjohnsen
2004	Eiður Smári Guðjohnsen
1987	Arnór Guðjohnsen
1984	Ásgeir Sigurvinsson
1975	Jóhannes Eðvaldsson
1974	Ásgeir Sigurvinsson
1973	Guðni Kjartansson



EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

MEISTARAEILD UEFA

Íslandsmeistarar KR fóru enga frægðarför til Helsinki, þar sem þeir mættu finnsku meisturunum í HJK í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA. Tvö mörk í fyrri hálfleik settu Finnana í góða stöðu, en sú staða var þó engan veginn óyfirtíganleg fyrir KR-inga, sem áttu allan seinni hálfleikinn eftir. Svo fór þó að heimamenn settu í fluggír eftir hlé og röðuðu inn fimm mörkum. Þetta tap, 7-0, er stærsta tap KR í Evrópuleik síðan 1969. Seinni leikurinn, sem fram fór á KR-velli, var því nánast formsatriði. Þó hann hafi verið jafn bar hann greinilega merki úrslita fyrri leiksins. Gestirnir komust í tveggja marka forystu með tveimur mörkum um miðjan seinni hálfleik, en Emil Atlason svaraði strax fyrir KR. Þar við sat og KR úr leik.

EVROPUDEILD UEFA

Þrjú íslensk lið léku í Evrópudeild UEFA – Þór, sem hafnaði í 2. sæti bikarkeppninnar 2011, FH og ÍBV. Öll liðin hófu keppni í 1. umferð forkeppninnar.

Þórsarar, sem léku í 1. deild sumarið 2012, upplifðu sannkallað Evrópuævintýri. Í 1. umferð mættu þeir írska liðinu Bohemians og eftir markalaust jafntefli í fyrri leiknum, sem fram fór í Dyflinni, eygðu þeir möguleika á að komast áfram. Engan grunaði þó að þeir myndu vinna jafn stóran sigur og raun bar vitni og þegar gestirnir á Þórsvelli skorðu fyrsta markið í seinni leiknum fór ónotatilfinning um stuðningsmenn Þórs. Staðan

breyttist þó fljótlega, Sigurður Marinó Kristjánsson skoraði þrennu í 5-1 sigri og áhorfendur fögnuðu vel og innilega lengi eftir leik, þó kalt væri í veðri. Í 2. umferð voru mótherjarnir Mlada Boleslav frá Tékklandi, sem reyndist of stór biti. Þriggja marka tap í fyrri leiknum ytra gerði róðurinn þungan í heimalaiknum og þar unnu Tékkarnir einnig sigur, að þessu sinni 1-0 og þar með 4-0 samanlagt.

Eyjarnir voru grátlega nærri því að komast í 2. umferð. Mótherjar þeirra voru írska liðið St. Patrick's Athletic annað árið í röð. Fyrri leikurinn fór fram í Dyflinni sama kvöld og Þórsarar léku við Bohemians. St. Patrick's vann 1-0 sigur á liði ÍBV, sem var óheppið í leiknum og átti meðal annars skot í slá Íranna. Seinni leikurinn fór fram á Hásteinsvelli og Matt Garner skoraði eina mark venjulegs leiktíma þegar innan við 10 mínútur voru eftir. Því var framlengt og þegar Eyþór Helgi Birgisson skoraði fyrir ÍBV voru aðeins um 10 mínútur eftir af framlengingunni og því héldu margir að ÍBV væri á leið áfram í keppinni. En aðeins mínútu síðar náðu gestirnir að minnka muninn og ekki var meira skorað í leiknum. Írska liðið fór því áfram á fleiri mörkum skorðuðum á útivelli.

FH-ingar mættu liði Eschen Mauren frá Liechtenstein í 1. umferð og unnu sigur í báðum leikjunum. Fyrri leikurinn fór fram í Kaplakrika og hann unnu FH-ingar 2-1, sem þykir naum forysta í Evrópukeppni, en hún dugði þar sem Atli Guðnason skoraði eina markið í seinni leiknum. Í 2. umferð mætti FH Helga Val Daníelssyni og félagum í sænska liðinu AIK frá Solna. Báðir leikirnir voru æsispennandi og með smá heppni hefði FH

getað slegið Svíana út. Fyrri leikurinn fór fram ytra og lauk honum 1-1 þar sem Atli Guðnason, sem var ansi drjúgur fyrir FH þetta sumar, skoraði glæsilegt mark rétt fyrir hlé. Heimamenn jöfnuðu fljótlega í seinni hálfleik, en þar við sat. Á þriðja þúsund áhorfendur mættu í Krikann til að sjá seinni leikinn og þrátt fyrir góða frammistöðu þar tapaði FH með eina marki leiksins, sem kom þegar fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. FH-ingar voru þar með úr leik, en gátu svo sannarlega borið höfuðið hátt.

MEISTARAEILD KVENNA

Íslandsmeistarar Stjörnunnar tóku þátt í UEFA Meistaradeild kvenna á árinu og hófu keppni í 32-liða úrslitum. Andstæðingarnir voru rússneska liðið Zorkij og fór fyrri leikurinn fram á Stjörnuvelli í Garðabæ. Stjarnan missti fyrirliðann Gunnhildi Yrsu af velli með rautt spjald eftir 37 mínútna leik. Fram að því hafði Stjörnuliðið verið mun ágengara og átti Gunnhildur Yrsa meðal annars skot í stöng. Manni fleiri sóttu Rússarnir af krafti og áttu tvö stangarskot, en Stjörnuvörnin hélt og lokatölur því 0-0. Seinni leikurinn fór fram í Ramenskoye rétt utan við Moskvu, og þar höfðu heimastúlkur betur. Þær skorðu þrjú mörk áður en Elva Friðjónsdóttir svaraði fyrir Stjörnuna, en þar við sat og Stjarnan úr leik. Athyglisvert er að áhorfendur á fyrri leiknum á Stjörnuvelli voru 650, en aðeins 200 í Rússlandi.

•••••

MANNVIRKJAMÁL

KIPPUR Í FRAMKVÆMDUM

Töluverður kippur kom í framkvæmdir við knattspyrnumannvirki á árinu og voru nokkur glæsileg mannvirki vígð. Nýtt knattspyrnusvæði var vígt í Vogunum og nýtt knattspyrnu-gras (gervigras) í hæsta gæðaflokki var sett á keppnisleikvang Stjórnunnar í Garðabæ, ásamt því að eldra grasið var lagt á æfingavöll við hlið keppnisvallarins. Þá var skipt um knattspyrnu-gras (gervigras) í Reykjaneshöllinni og í æfingahúsinu *Hópinu* í Grindavík, en framleiðslugalli hafði reynst í eldra grasi.

Í ágúst fór fram formleg vígsla Hamarshallarinnar í Hveragerði. Um er að ræða loftborið mannvirki, eða svokallað mjúkhús, hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, en fjölmörg slík hús hafa risið á undanförunum árum á Norðurlöndunum og fjölmörg eru til staðar í heiminum í dag. Mjúkhús eru gerð úr dúk sem er festur við steiptar undirstöður og er húsinu haldið uppi með lofti frá loftblásurum. Húsið er fjölnota íþróttahús með gervigrasvelli á um 2/3 hluta hússins og boltagólfi á 1/3, og samtals er húsið rúmlega 5000 m² að stærð. Með Hamarshöllinni hafa Hvergerðingar gjörbylt aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum.

Byggt var yfir gervigrasvöllinn á Hornafirði á árinu. Um er að ræða völl í hálfri stærð og er húsið gjöf Skinneyjar-Þinganes í tilefni af 60 ára afmæli fyrirtækisins. Ljóst er að húsið verður mikil lyftistöng fyrir iðkendur í Sindra, sem geta nú æft við kjöraðstæður allan ársins hring. Efnt var til samkeppni um nafn á húsið og gátu áhugasamir aðilar

sent inn tillögur. Mannvirkið var vígt formlega fyrir jól og var þá tilkynnt um vinningsnafnið – *Báran*.

Langbráð stúka var reist í Vestmannaeyjum og komst í gagnið seinni hluta keppnistímabilsins, en þar er þakið óklárað og er á dagskrá á árinu 2013. Þá fékk stúkuhúsið við Akureyrarvöll mikla andlitslyftingu og ný sæti voru sett í stúkuna. Framkvæmdir hafa haldið áfram við Selfossvöll, og er gert ráð fyrir að vinnu við búningsklefa undir stúkuni á Selfossvelli ljúki fyrir sumarið 2013. Framkvæmdir við nýja stúku við Ísafjarðarvöll fyrir um 540 manns hófust á árinu, og framkvæmdir við nýja stúku hófust í lok árs á Fylkisvelli. Að lokum hafa Ólafsvíkingar hafið undirbúning að stækkun stúku við Ólafsvíkuvöll til að fagna þeim áfanga að leika í Pepsi-deildinni í fyrsta skipti.

RÁÐGJÖF MANNVIRKJANEFNDAR

Mannvirkjanefndin er aðildarfélagum og sveitarfélagum til ráðgjafar vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum. Meðal slíkra verkefna á árinu má nefna teikningar á innviðum stúku og innréttingu og skipulag búningsklefa undir stúku á Selfossi, nýja stúku við Fylkisvöll, endurbætur á vallarhúsi og stúku við Akureyrarvöll, teikningar af nýrri stúku í Vestmannaeyjum, nýtt vallarhús við Húsavíkuvöll og fleira. Þá var nefndin framkvæmdastjóra KSÍ til ráðgjafar við umfjöllun umsókna í mannvirkjasjóð KSÍ og tillögur sem lagður voru fyrir stjórn KSÍ á grundvelli þeirra. Nefndin kemur jafnframt áfram að tilraunaverkefni um uppfitun valla sem Landbúnaðarháskólinn

kom á laggirnar á árinu 2008 og stýrir, en verkefnið er styrkt af OR og KSÍ. Vonast er eftir niðurstöðum á árinu 2013 og er ljóst að þær munu geta skipt verulegu máli og skilað sér í betri stýringu á hitakerfum knattspyrnuvalla með náttúrulegu grasi.

ÚTHLUTAÐ Í 13 VERKEFNI ÚR MANNVIRKJASJÓÐI

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í apríl úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ og er þetta í fimmta skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum. Ný reglugerð um sjóðinn tók gildi í byrjun árs 2012. Alls var úthlutað til 13 verkefna og í samræmi við reglugerðina njóta forgangs þær umsóknir sem miða að því að uppfylla leyfiskerfi KSÍ. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu.

Umsókn	Verkefni	Styrkur
BÍ/Bol.vík	Stúka við Torfnsvöll	15mkr
Fjarðab.	Vallarhús við Eskiðfjarðarvöll	2mkr
Fjölur	Frágangur við áhorfendasvæði, göngustígar o.fl.	1mkr
Fylkir	Stúkubygging við Fylkisvöll	15mkr
Hamar	Hamarshöllin í Hveragerði	10mkr
Hvöt	Vallarhús við Blönduósvöll	1mkr
ÍBV	Stúkubygging við Hásteinsvöll	15mkr
ÍR	Frágangur við áhorfendasvæði, göngustígar o.fl.	1mkr
Keflavík	Æfingasvæði við Reykjaneshöll	2mkr
Njarðvík	Frágangur við áhorfendasvæði, göngustígar o.fl.	1mkr
Stjarnan	Endurnýjun á knattspyrnu-grasi - bygging æfingavallar ofl.	7,5mkr
Tindastóll	Varanleg aðstaða fyrir blaðamenn	500þ
Víðir	Girðingar, frágangur við völl	1mkr
Völsungur	Nýr gervigrasvöllur - æfingasvæði	10mkr

FRÆDSLÁ UM VIÐHALD GRASS

Í byrjun ársins kom út diskur um viðhald knattspyrnugrass (gervi-grass) og náttúrlegs grass, sem unninn hafði verið fyrr um veturinn. Diskurinn mæltist mjög vel fyrir og svaraði brýnni þörf um viðhaldsmál á knattspyrnuvöllum.

SJÖ LEIKVANGAR SEM BERA NAFN KOSTUNARAÐILA

Það hefur færst í aukana síðustu ár að gerðir séu samstarfs-samningar milli íþróttafélaga og fyrirtækja um að leikvangar beri nöfn kostunaraðila, og hefur sú þróun átt sér stað í knattspyrnunni um gjörvalla Evrópu. Ísland er engin undantekning í þessum málum. Á Íslandi eru nú sjö leikvangar knattspyrnufélaga sem bera nafn kostunaraðila:

- Hertz völluminn (ÍR)
- N1-völluminn (Reynir S.)
- Njarðtaksvölluminn (Njarðvík)
- Nettóvölluminn (Keflavík)
- Samsung völluminn (Stjarnan)
- Vodafonevölluminn (Valur)
- Schenker-völluminn (Haukar)

BLIKKIÐ - SAGA MELAVALLARINS

Í mars var frumsýnd kvikmyndin *Blikkið - Saga Melavallarins*. Um er að ræða heimildarmynd um Melavöllinn eftir Kára G. Schram. Melavöllurinn á sinn stóra sess í öllu íþróttalífi Íslendinga, ekki síst í knattspyrnu, og er ómetanleg heimild um þennan leikvang, sem lengi vel var aðalleikvangur Íslendinga í íþróttum.

•••••

ÞJÁLFAFRÆDSLÁ, ÚTBREIÐSLÁ OG HÆFILEIKAMÓTUN

23 FRÆDSLUVIÐBURÐIR OG 761 ÞÁTTTAKANDI

KSÍ hélt 23 fræðsluviðburði á árinu fyrir 761 þátttakanda og hafa aldrei áður verið haldnir jafn margir fræðsluviðburðir á einu ári. Að auki bauð KSÍ upp á tvö þjálfaranámskeið í fjarnámi í samvinnu við *Sportspath.com* og *League Managers Association* í Englandi. Jafnframt var boðið upp á markmannspjálfunar-námskeið í samvinnu við Pat Bonner sem er virtur markmannspjálfari og situr í fræðslu-nefnd UEFA. Þá bauð KSÍ upp á tvö endurmenntunarnámskeið á árinu sem voru mjög vinsæl, heimsókn frá Ajax þar sem fjallað var um þjálfun ungra leikmanna ásamt námskeiði um líkamlega þjálfun knattspyrnufólks með Magna Mohr, sem starfað hefur með Chelsea, Juventus og danska landsliðinu sem *fitness-ráðgjafi*. Alls störfuðu 53 þjálfarar og sérfræðingar við þessa fræðsluviðburði.

KSÍ-A, KSÍ-B OG UEFA PRO

KSÍ býður upp á tvær þjálfara-gráður, KSÍ-B og KSÍ-A. Þessar gráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. Alls hafa 520 þjálfarar lokið við KSÍ-B gráðuna, 165 þjálfarar hafa lokið við KSÍ-A gráðu til viðbótar og 9 þjálfarar hafa lokið við UEFA Pro gráðu, sem er æðsta viðurkennda þjálfaranám innan UEFA. Þjálfarar þurfa svo að viðhalda gráðunni með 15 tíma endurmenntun á þriggja ára fresti og býður KSÍ reglulega upp á endur-

menntunarnámskeið. Staðan á menntun þjálfara á Íslandi er góð og almennt hafa langflestir sem starfa við knattspyrnuþjálfun á hér á landi tilskilin réttindi.

MIKILVÆGUR FRÆDSLUFUFUR

Fræðslufur KSÍ á www.ksi.is er veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið magn af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast mjög þjálfurum í námi og starfi.

ÞJÁLFAFRASKÓLI KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaga til boða. Hugmyndin á bak við skólann er að reyndur kennari deili reynslu sinni og þekkingu með þjálfara sem er styttra á veg kominn. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara.

SKRÁÐUM IÐKENDUM FÆKKAR UM 5% MILLI ÁRA

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2012 eru fyrir árið 2011. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ, þó fækkun milli ára 2010 og 2011 sé nokkur.

Skráðum iðkendum í knattspyrnu fækkar um 5% milli ára og voru iðkendur árið 2011 alls 19.747 talsins. Þetta er fækkun um 1.028 iðkendur frá árinu 2010. Nánast öll fækkunin er í aldursþópnum 15 ára og yngri þar sem fækkar um 441 stúlku og 610 drengi. Í aldursflokknum 16 ára og eldri er hins vegar eilítil fjölgun á meðal karla (+54), en eilítil fækkun kvenna (-31).

Geta þarf þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utan-deildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra. Næst flestir iðkendur samkvæmt tölum ÍSÍ voru í golfi (16.777) og hestaíþróttum (11.270), en þetta er einu greinarnar þar sem iðkendafjöldinn fer yfir 10 þúsund, þó fimleikar sækja verulega á, með 9.096 iðkendur alls og hækkun um rúmlega eitt þúsund milli ára. Fimleikar eru nú sú íþróttgrein sem telur flesta iðkendur meðal kvenna, eða 6.679, en heildarfjöldi kvenna sem iðkar knattspyrnu er 6.108.

Alls eru rúmlega 86.000 einstaklingar skráðir íþróttaiðkendur, sem jafngildir því að rúm 27% þjóðarinnar stundi íþróttir með félagi innan ÍSÍ.

Íþróttþátttaka 11 ára drengja var mest, en 82% þeirra stunduðu íþróttir innan ÍSÍ árið 2011 og voru þeir að meðaltali að stunda 1,8 íþróttgrein hver. Meðal stúlkna var þátttaka einnig mest við 11 ára aldur, en 80,4% þeirra voru skráðir iðkendur hjá íþróttafélagi innan ÍSÍ árið 2011.

Þessi tölfræði um 11 ára iðkendur endurspeglar í þeim fjölda iðkenda sem stunda knattspyrnu, en það er einmitt sá aldur þar sem knattspyrnuíðkendurnir voru fjölmennastir árið 2011. Alls voru 990 11 ára drengir skráðir iðkendur það ár og 558 stúlkur. Þetta þýðir að 48% allra 11 ára drengja á Íslandi voru

skráðir iðkendur í knattspyrnu og 26% allra stúlkna. Á heildina litið voru því 37% allra 11 ára barna á Íslandi skráðir knattspyrnuíðkendur árið 2011.

UEFA STUDY GROUP SCHEME

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*, og voru fulltrúar KSÍ bæði í hlutverki gesta og gestgjafa. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfolk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum. KSÍ tók t.a.m. á móti alls 65 fulltrúum frá Andorra, Búlgaríu, Finnlandi, Litháen, Slóvakíu og Ungverjalandi sem komu til að kynna sér uppbyggingu kvennaknattspyrnu á Íslandi. Þá sendi KSÍ 11 fulltrúa til Danmerkur til að kynna sér uppbyggingu á grasrótarknattspyrnu hjá danska knattspyrnusambandinu, en þar var m.a. fjallað um kvennaknattspyrnu, sjálfboðaliðastarf í kringum félög og knattspyrnu eldri leikmanna.

Að auki sóttu fulltrúar KSÍ aðrar erlendar ráðstefnur, þar á meðal Norðurlandaráðstefnu í þjálfaramenntun sem fór fram í Færeyjum, ráðstefnu FIFA í Róm um kvennaknattspyrnu og UEFA-ráðstefnu um menntun markmannsþjálfara, sem fram fór í höfuðstöðvum hollenska knattspyrnusambandsins.

ELLEFU STYRKIR TIL FRÆDSLUMÁLA

KSÍ veitti 11 styrki til fræðslumála á árinu. Styrkur KSÍ er í formi farseðils á áfangastað

Icelandair og til baka og að venju voru umsóknirnar margar. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína, sem er birt á fræðsluvef KSÍ. Með þessum styrkjum var þjálfurum m.a. gert kleift að kynna sér þjálfun hjá Florida State háskólanum í Bandaríkjunum, Ajax og AZ Alkmaar í Hollandi, Bayer Leverkusen í Þýskalandi, og loks hjá sænsku liðunum IFK Norrköping, Brommapojkarna, AIK Solna og Tyresö. Þá voru þrír þjálfarar styrktir til að sækja Pro Licence nám, tveir til Makedóníu og einn til Englands, og einn sjúkrapjálafari kynnti sér sjúkrapjálfun hjá Fulham á Englandi.

LUKU 30 EININGA HÁSKÓLANÁMI Á VEGUM UEFA

Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, og Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri KSÍ, luku á árinu 30 eininga háskólanámi í knattspyrnusértækri viðburðastjórnun. Námið, sem er diplománám, er á vegum UEFA og er stýrt af IDHEAP menntastofnuninni, sem er hluti af háskólanum í Lausanne. Mikill fjöldi umsækjenda er um þetta nám, sem er kostað af UEFA, og komast alls um 80 manns að á hverju ári. Umsækjendurnir eru frá öllum aðildarlöndum UEFA. Markmið UEFA með þessu námi er að auka við sérfræðipekkingu lykilstarfsmanna frá aðildarlöndunum, og fjárfesta þannig í auknum gæðum í skipulagi evrópskrar knattspyrnu. Þess má geta að einnig er hægt að sækja um inngöngu í mastersnám í framhaldi af fyrrgreindu námi, sem ber heitið Executive Master in European Sport Governance (MESGO).

SAMNINGUR VIÐ PROZONE ENDURNÝJAÐUR

KSÍ endurnýjaði á árinu samning sinn við fyrirtækið *Prozone* um leikgreiningu á leikjum A-landsliðs karla, A-landsliðs kvenna og U21 landsliðs karla. *Prozone* er með öflugasta leikgreiningarforritið á markaðinum og þessi samningur styrkir undirbúning og samkeppnishæfni landsliða Íslands. Fræðsludeild KSÍ sér um öll samskipti við *Prozone* og veitir landsliðspjálfurum tæknilegan stuðning, ráðgjöf og kennslu á forritið. KSÍ lætur leikgreina um 30 landsleiki á ári og hluti af leikjunum hefur einnig verið notaður fyrir yngri landslið, í þjálfaramenntun og dómarafræðslu.

KNATTSPYRNUSKÓLI KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 18.-22. júní og hann sóttu samtals 49 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 11.-15. júní og sóttu hann 35 stúlkur. Mist Rúnarsdóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar voru Daði Rafnsson og Valgerður Jóhannsdóttir. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

MARKMANNSSKÓLI KSÍ

Markmannsskóli drengja og stúlkna var haldinn í fyrsta skipti í ár, á Akranesi, og var ætlaður iðkendum í 4. flokki. Halldór Björnsson var skólastjóri hjá drengjunum og honum til aðstoðar var Lúðvík Gunnarsson. Skólinn fór fram dagana 29. júní-

1. júlí og hann sótti 51 drengur. Skólastjóri hjá stúlkunum var Mist Rúnarsdóttir og henni til aðstoðar var Daði Rafnsson. Skólinn fór fram dagana 22.-24. júní og sóttu hann 32 stúlkur.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman 64 leikmenn og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2013.

Úrtökumót stúlkna fór einnig fram að Laugarvatni í ágúst. Á þessu úrtökumóti stúlkna komu saman 55 leikmenn og fór mótið vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á stúlkum sem eru gjaldgengar í U17 liðið 2013.

LANDSHLUTAVERKEFNI

Í byrjun árs 2012 var landshluta- verkefni sett af stað og er markmið þess m.a. að finna efnilega leikmenn fyrir yngri landslið Íslands og styðja við hæfileikamótun þeirra. Eyjólfur Sverrisson hefur yfirumsjón með verkefninu og skipuleggur uppbyggingu þess með landshluta- fulltrúum. Ráðnir voru þrír fulltrúar (fyrirhugað er að ráða fleiri) - Eysteinn Hauksson fyrir Austurland, Pétur Ólafsson fyrir Norðurland og Atli Eðvaldsson fyrir höfuðborgarsvæðið. Lands- hlutafulltrúarnir gefa skýrslu til umsjónarmanns verkefnisins og þjálfara viðkomandi landsliðs um efnilega leikmenn sem vert er að skoða, hafa náíð samstarf við þjálfara yngri flokka í viðkomandi landshluta og bjóða fram aðstoð við stefnumótun hjá efnilegum leikmönnum. Verið er að þróa og byggja upp gagnagrunn þar sem

skráðar verða ýmsar upplýsingar sem gerir kleift að bera saman hæfni og getu leikmanna. Upp- lýsingum hefur þegar verið safnað um efnilegt knattspyrnu- fólk á viðkomandi svæðum.

GÆÐAVOTTUN KNATT- SPYRNUSKÓLA FÉLAGA

Frá árinu 2008 þegar leiðbein- ingar að gæðavottun fyrir knatt- spyrnuskóla féлага voru unnar höfðu skólar Víkings R., Vals, Gróttu, Þróttar R., ÍR, HK, Fjölnis og Breiðabliks hlotið gæðavottun. Starfsmenn KSÍ fara á hverju ári í skólana og endurnýja vottunina standist viðkomandi skóli hana. Allir knattspyrnuskólarnir sem hingað til hafa staðist vottun hafa hlotið endurnýjun. Þrjú félag - Fram, Fylkir og Haukar - sóttu um í fyrsta skipti á árinu og fengu öll vottun. Alls eru því 11 knatt- spyrnuskólar komnir með gæða- vottun.

UMFÍ HLAUT VIÐURKENNINGU FYRIR GRASRÓTARSTARF

Ungmennasamband Íslands hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótariðburð ársins 2012 – *Unglingalandsmót UMFÍ*, sem hefur verið haldið um verslunarmannahelgina um árabíl. Knattspyrna er vinsælasta grein Unglingalandsmótsins en öllum sem hafa áhuga á að leika knattspyrnu er gefinn kostur á þátttöku, sama hvort þeir mæta með félagi eða sem einstaklingar.

ÍTARLEG TÖLFRÆÐISKÝRSLA UM KVENNAKNATTSPYRNU

UEFA sendi aðildarsamböndum sínum í lok ársins ítarlega tölfraeðiskýrslu sem unnin var um kvennaknattspyrnu í Evrópu.

Mikil rannsóknarvinna er á bak við skýrsluna og svöruðu samböndin m.a. ítarlegum spurningalistum, auk þess sem fulltrúar UEFA heimsóttu öll knattspyrnu-samböndin. Hér að neðan eru nokkrir áhugaverðir punktar úr skýrslunni um iðkendur á Íslandi.

- Fleiri skráðir iðkendur kvenna eru á Íslandi en í löndum eins og Norður-Írlandi, Wales, Skotlandi og Portúgal. Hér er ekki átt við hlutfall, heldur heildarfjölda.
- Hlutfall kvenna sem leika knattspyrnu á Íslandi af heildarfjölda þjóðarinnar er með því hæsta í Evrópu (0,5% viðkomandi þjóðar eða hærra – 7 lönd alls, þar á meðal öll Norðurlöndin 6).
- Fjölgun iðkenda í kvennaflokkum milli ára er tiltölulega hæg en örugg (4% hækkun á 5 árum).
- Þegar leikmenn yfir 19 ára og eldri eru taldir er fjöldi iðkenda í sama flokki og lönd eins og Finnland, Rússland, Pólland og Tyrkland. Hér er ekki um hlutfall að ræða, heldur heildarfjölda fullorðinna iðkenda í kvennaflokki.
- Þegar litið er til fjölda iðkenda kvenna 18 ára og yngri er Ísland í 16.-18. sæti í Evrópu. Hér er átt við heildarfjölda iðkenda, ekki hlutfall.

Þess má geta að UEFA hefur nú hafið sérstakt markaðsátak til að fjölga áhorfendum í kvennaknattspyrnu. Sex aðildarlönd taka þátt í verkefninu og er Ísland þar á meðal.

NEMENDUR FB TÓKU ÞÁTT Í UNIFIED-KNATTSPYRNU

KSÍ aðstoðaði við framkvæmd Íslandsleika ÍF í knattspyrnu, eins og undanfarin ár. Haldin eru tvö mót árlega, á vorin og haustin, og í ár voru mótin haldin í samvinnu við Víking R. og Fjölni. Á haustmótinu, sem haldið var í Egilshöll í samvinnu við Fjölni, tóku m.a. tvö lið frá Fjölbautarskólanum í Breiðholti þátt í *Unified*-knattspyrnu, þar sem þroskaheftir og aðrir leika saman í liði, og var mikil ánægja meðal þátttakenda frá FB. Eina takmörkunin í

Unified-knattspyrnu er sú að allir þátttakendur þurfa að vera jafnir að knattspyrnulegri getu.

ÝMIS ÚTBREIÐSLUVERKEFNI-HEIMSÓKNIR UM LAND ALLT

Fulltrúar KSÍ tóku þátt í ýmsum útbreiðsluverkefnum á árinu og heimsóttu m.a. Borgarnes, Súðavík, Ísafjörð, Bíldudal, Tálknafjörð, Barðaströnd, Biskups-tungur, Voga og fleiri staði. Á meðal fulltrúa KSÍ í þessum heimsóknum voru Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ og landsliðsþjálfari kvenna, Guðlaugur Gunnarsson starfsmaður KSÍ, og Atli Eðvaldsson fyrrverandi landsliðsfyrirliði og landsliðsþjálfari.

SÍFELLT VINSÆLLA AÐ HEIMSÆKJA KSÍ

Það hefur færst mjög í aukana síðustu misseri að hópar heimsæki KSÍ og Laugardalsvöll og fari í skoðunarferð um mannvirkið, auk þess að fá fræðslu um starfsemi KSÍ og knattspyrnu á Íslandi. Til KSÍ hafa komið litlir jafnt sem stórir hópar nemenda úr leikskólum og grunnskólum sem finnst afar spennandi að skoða búningsklefa, varamanna-bekki og ýmsa aðra aðstöðu á leikvanginum og hafa hóparnir jafnan verið leystir út með gjöfum. Einnig hafa nemendur í framhaldsskólum og háskólum fengið fræðslu um tiltekin viðfangsefni eins og fjölmiðla-aðstöðu og þjónustu við fjölmiðla á landsleikjum á Laugardalsvelli, og svo um markaðsstarf í knattspyrnu og þá með sérstaka áherslu á kostun fyrirtækja (sponsorship) í tengslum við knattspyrnfélög og knattspyrnu-mót.



SAMFÉLAGSLEG VERKEFNI

VIÐURKENNING Á BARÁTTUDEGI GEGN EINELTI

Þann 8. nóvember er árlegur baráttudagur gegn einelti. Í tilefni af því var efnt til hátíðardagskrár í Þjóðmenningarhúsinu og þar var A-landsliði kvenna í knattspyrnu veitt sérstök viðurkenning vegna jákvæðra skilaboða gegn einelti til samfélagsins. Leikmennirnir tóku sig saman og gerðu myndband við frumsamiðlag Katrínar Ómarsdóttir, leikmanns liðsins, þar sem inntakið var skilaboð gegn einelti. Var þetta frumkvæði liðsins talið endurspeglar markmið verkefnisins að byggja upp samfélag sem einkennist af lýðræðislegum gildum, þar sem einelti er hafnað og allir búa við öryggi og virðingu.

MOTTUMARS OG BLEIKA SLAUFAN

KSÍ tók að venju þátt í vitundarátökum Krabbameinsfélagsins, *Mottumars* og *Bleiku slaufunni*.

Mottumars gengur út á að vekja fólk til vitundar á krabbameini í körlum. Knattspyrnuhreyfingin var hvött til að taka virkan þátt. *Mottumars* var að venju afar vinsæll, þátttakan frábær og aðstandendur verkefnisins eiga hrós skilið. Þess má sérstaklega geta að *Félag deildadómarar* safnaði 600 þúsund krónum. Söfnunin fór þannig fram að dómara í Lengjubikarnum gáfu laun af sínum leikjum og var heildarupphæðin formlega afhent fulltrúum átaksins í höfuðstöðvum KSÍ.

Þá tók KSÍ einnig þátt í *Bleiku slaufunni*, sem gengur út á að vekja athygli á baráttunni við brjóstakrabbamein. Af því tilefni var bleiki liturinn allsráðandi á vef KSÍ í október, eins og áður þegar þetta átaksverkefni hefur staðið yfir.

KSÍ STUÐNINGSADILI UMHYGGJU 2012

Á árinu 2012 var KSÍ, ásamt 18 öðrum fyrirtækjum og félagasamtökum, sérstakur stuðningsaðili *Umhyggju* – félags til stuðnings langveikum börnum. Umhyggja vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Í félaginu starfa foreldrar langveikra barna, fagfólk innan heilbrigðiskerfisins og annað áhugafólk.

Markmið félagsins eru að tryggja foreldrum og öðrum aðstandendum aðstöðu og réttindi til að dvelja hjá veiku barni sínu án þess að verða fyrir verulegri tekjuskerðingu. Einnig að upplýsa börn og aðstandendur, heilbrigðisstarfsfólk, stjórnvöld og almenning um réttindi og skyldur í málefnum langveikra barna.

BLÁI NAGLINN OG KSÍ

Aðildarfélögum KSÍ stóð til boða í vor að taka þátt í söluáttakinu *Blái naglinn* og með þátttöku gátu félögin skapað sér góðar tekjur, þar sem fimmtungur af söluandvirði hvers nagla myndi renna til félagsins í formi sölulauna. Allur ágóði af sölu Bláa naglans rennur til kaupa á nýjum línuhraðli hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH). Línuhraðall er tæki sem notað er í geislunar meðferð krabbameinssjúklinga.

LEIKUR ÁN FORDÓMA

Háttvísiátakið *Leikur án fordóma*, sem er samstarfsverkefni Borgunar og KSÍ, hélt áfram á árinu. Verkefnið miðar að því að útrýma fordómum og mismunun af öllu tagi úr knattspyrnunni á Íslandi, koma í veg fyrir einelti og leggja áherslu á heiðarlegan leik.

DAGUR ÁN OFBELDIS

Þann 2. október var fagnað *Degi baráttu fyrir tilveru án ofbeldis*. Ofbeldi er grundvallarvandamál okkar tíma. Það er ekki aðeins líkamlegt og birtist í stríði og barsmíðum – það birtist einnig sem efnahagslegt ofbeldi, sálrænt, trúarlegt, kynferðislegt og kynþáttabundið ofbeldi. Til að sýna samhug á táknrænan hátt var myndað mannlegt friðarmerki á Klambatúni í Reykjavík, annað árið í röð, og var þetta einmitt annað árið sem KSÍ tekur þátt í að vekja athygli á þessu verkefni. Fjölmörg félagasamtök, innlend sem erlend, þar á meðal KSÍ, studdu við þessa táknrænu athöfn og hvatti KSÍ sem flesta til að taka þátt.



ANNAÐ

FORSETI FIFA HEIMSÓTTI ÍSLAND

Forseti FIFA, Joseph S. Blatter, kom í tveggja daga heimsókn til landsins í október. Hann skoðaði höfuðstöðvar KSÍ og knattspyrnuhúsin Kórinn og Fífuna, áður en hann hélt á Bessastaði til fundar við forseta Íslands, Herra Ólaf Ragnar Grímsson. Áður hafði hann heimsótt Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Seinni daginn hóf Blatter svo á því að heimsækja Þingvelli þar sem hann fékk leiðsögn og fræðslu frá Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði. Hann hélt svo blaðamannafund í höfuðstöðvum KSÍ og hitti stjórnarmenn Knattspyrnusambandsins, áður en hann hélt af landi brott. Blatter lýsti yfir mikilli ánægju með það uppbyggingarstarf sem unnið væri í íslenskri knattspyrnu, og nefndi sérstaklega menntun þjálfara og þá æfinga- og keppnisástöðu sem iðkendur hafa aðgang að til að stunda knattspyrnuíþróttina yfir vetrartímann.

AFMÆLISFÉLÖG

Nokkur aðildarfélög KSÍ fögnuðu stórum afmælum á árinu 2012 og vitanlega var haldið upp á þessa áfanga á viðeigandi hátt. ÍR fagnaði 105 ára afmæli sínu og UMF Þróttur í Vogum á Vatnsleysuströnd varð 80 ára. Fylkir, sem áður hét Knattspyrnufélag Seláss og Árbæjar (KSÁ), hélt upp á 45 ára afmæli sitt, en knattspyrnudeild Fylkis var stofnuð 1972 og hélt því upp á 40 ára afmæli sitt. Hamarsmenn í Hveragerði áttu 20 ára afmæli, KFS í Vestmannaeyjum, sem varð til við sameiningu Framherja og

Smástundar árið 1997, fagnaði 15 ára afmæli, og loks varð Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar 10 ára á árinu.

100 ÁRA SAGA ÍPRÓTTA Á ÍSLANDI ÚTGEFIN AF ÍSÍ

Í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ gaf Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands út bók sem ber heitið *Íþróttabókin - ÍSÍ saga og samfélag í 100 ár*. Með útgáfu hennar er leitast við að geyma í senn sögu sambandsins og merka atburði í íslensku íþróttalífi. Ákveðið var að fara nýja leið við upprifjun sögunnar og leggja aðaláhersluna á að fjalla um þau víðtæku áhrif sem íþróttastarfið og íþróttahreyfingin hefur haft á íslenskt samfélag í gegnum tíðina. Eins og gefur að skilja skipar knattspyrna stóran sess í bókinni.

KSÍ Á VERALDARVEFNUM – FACEBOOK OG AÐRIR VEFIR

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, samninga leikmanna, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist. Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum og á þetta við um alla leiki í öllum aldursflokkum. Þannig þjónusta félögin alla sína félagsmenn með öflugri og hraðvirkri skráningu á upplýsingum, sem auðvelt aðgengi er

að. Hægt er að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutaflna.

Myndavefur er aðgengilegur af forsíðu ksi.is og veitir knattspyrnuáhugafólki auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu. Jafnframt rekur KSÍ minni myndavef í gegnum 123.is sem er talsvert einfaldari vefur með takmarkaðari eiginleikum en aðalmyndavefur KSÍ, en er þó mun einfaldari í leit og yfirferð. Með þessu er KSÍ að svara vaxandi eftirspurn eftir myndefni úr landsleikjum og frá öðrum viðburðum úr starfi sambandsins.

Samskiptavefir verða sífellt þýðingarmeiri á meðal netverja og er Facebook sá samfélagsvefur sem hefur náð hvað mestri fótfestu hér á landi. Opinberri Facebook-síðu KSÍ er ætlað að ná til þeirra einstaklinga sem eru að öllu jöfnu ekki á meðal notenda ksi.is. Þá hefur önnur Facebook-síða verið opnuð og er viðfangsefnið á henni A landslið kvenna, sem tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni EM 2013. Eins og þeir sem þekkja til Facebook vita geta notendur vefsins átt samskipti sín á milli og við stjórnendur vefsins á frjálsglegan hátt. Hvatt hefur verið til þess og hefur árangurinn verið afar jákvæður.

LEYFISKERFI Í ÁRATUG

Leyfiskerfi KSÍ var fyrst tekið í notkun fyrir keppnistímabilið 2003 og á leyfiskerfið því 10 ára afmæli, ef svo má að orði komast. Því er rétt að líta aðeins til baka og skoða hvað hefur áunnist á þessum árum.

Endurskoðaðir ársreikningar

Árið 2002 var afar fátítt að knattspyrnudeildir íþróttafélaga væru með endurskoðaða ársreikninga (fulla áritun), en í dag er það mikið gæðamerki á rekstri knattspyrnufélags að reksturinn hafi hlotið áritun endurskoðanda. Alls hafa rúmlega 30 félög undirgengist leyfiskerfið einu sinni eða oft og hafa þar með fengið endurskoðun á ársreikninga sína þau ár.

Þjálfaramenntun

Gríðarleg aukning hefur orðið á menntuðum þjálfurum á Íslandi og er það ekki síst að þakka þeim kröfum sem gerðar eru í leyfiskerfi KSÍ, þar sem félögin sem undirgangast kerfið verða að sæta viðurlögum séu kröfur um menntun þjálfara, frá meistara-flokki og niður úr, ekki uppfylltar. Í dag er staðan þannig að félögin sem leika í efstu tveimur deildum karla eru að öllu jöfnu með KSÍ-A eða KSÍ-B þjálfara í öllum flokkum.

Áhorfendaaðstaða

Sá þáttur sem hefur gengið í gegnum hvað mesta breytingu er án efa aðstaða áhorfenda á knattspyrnuvöllum. Árið 2000 gátu einungis 5-6 knattspyrnuleikvangar talist hafa sæti fyrir áhorfendur. Árið 2012 nálgast sú tala þrjátíu leikvanga.

LEYFISFERLIÐ FYRIR KEPPNISTÍMABILID 2012

Leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2012, því tíunda í röðinni, lauk í apríl með staðfestingu ákvarðana leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Pepsi-deild karla og 1. deild karla. Leyfisráð samþykkti þátttökuleyfi 2012 til handa öllum umsækjendum í Pepsi-deild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur

sem settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ. Í reglugerðinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til félaga í 1. deild eru að grunni til þær sömu, en í mörgum ákvæðum lægri en í Pepsi-deild. Félag sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma. Tvö félög í 2. deild að auki undirgengust leyfisferlið að hluta til að eigin ósk, Gróttta og Njarðvík, og stóðust allar þær kröfur sem gerðar eru til félaga í 1. deild í þeim þáttum þar sem gögnum var skilað.

Með leyfisumsókn félaga í báðum deildum þurftu að fylgja staðfestingar á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Fimm félög sóttu um frest til aðlögunar vegna mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur með sérstakri samþykkt stjórnar gegn því að strax yrðu stigin ákveðin skref í því að bæta aðstöðuna og að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Við leyfisveitingu var umsóknnum sex félaga vísað til aga- og úrskurðarnefndar þar sem þau uppfylltu ekki svokallaðar B-greinar, sem leiða ekki til synjunar á þátttökuleyfi séu þær ekki uppfylltar, heldur til viðurlaga sem ákveðin eru af aga- og úrskurðarnefnd. Fimm félög sættu viðurlögum þar sem grein um menntun þjálfara yngri flokka var ekki uppfyllt. Fjórum þeirra

var veitt viðvörðun þar sem um fyrsta brot var að ræða, en eitt félag var sektað þar sem um annað brot félagsins var að ræða innan 3 ára. Þá var þeim tilmælum beint til nokkurra félaga að fylgjast með endurmenntun þjálfara sinna vegna útrunninna skírteina.

GÆÐAVOTTUN Á LEYFISKERFINU ENDURNÝJUÐ

Um miðjan ágúst kom hingað til lands fulltrúi SGS, sem er alþjóðlegt matsfyrirtæki sem UEFA hefur ráðið til að gera gæðaúttekt á leyfiskerfi í öllum aðildarlöndum sambandsins (UEFA Licensing Audit). Fulltrúi SGS skoðaði vel alla uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ, verkferla, vinnulag og fleira sem snýr að stjórnun leyfiskerfisins. Þessi úttekt SGS er árviss viðburður. Engin athugasemd var gerð við uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ og var því gæðavottorð þess staðfest.

LEYFISREGLUGERÐ 2.2

Útgáfa 2.2 af leyfisreglugerð KSÍ tók gildi í nóvember 2012 og er unnið samkvæmt henni í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2013. Meðal breytinga má nefna verulega hertar kröfur um hvað skal koma fram í reikningi uppgjörsaðila og hvaða upplýsinga er krafist um skuldastöðu gagnvart opinberum aðilum / skattyfirvöldum.

Helsta breytingin á reglugerðinni er þó afar veigamikil og gjörbreytir í raun þeim fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra félaga sem undirgangast leyfiskerfið. Um er að ræða kröfur um *fjárhagslega háttvísi* sem taka gildi í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014.

Jákvæð eiginfjárstaða

Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu. Grunnreglan er sú að félag sem er með / lendir í neikvæðri eiginfjárstöðu fær tvö ár til að bæta úr því. Aukaaðlögun í byrjun: Leyfisumsækjandi með verulega neikvæða eiginfjárstöðu (meira en 10% af knattspyrnulegum rekstrartekjum) getur fengið tveggja ára auka aðlögun að forsendunni, en þarf að sýna fram á bættu stöðu eftir tvö ár (lækkun um 40%) til að fá það. Gildir til loka leyfisárs 2017.

Hámarksskuldabyrði

Heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% af meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Grunnreglan er sú að félag sem fer yfir hámarksskuldabyrði fær tvö ár til að bæta úr því. Aukaaðlögun í byrjun: Leyfisumsækjandi með skuldabyrði sem er meira en 60% í upphafi, getur fengið tveggja ára aukaaðlögun að forsendunni, en þarf a.m.k að halda í horfinu fyrstu tvö árin til að fá það. Gildir til loka leyfisárs 2017.

Nýja reglugerðin, ásamt breytingum milli ára, var kynnt félögum á vinnufundum með leyfisfulltrúum og endurskoðendum félaga.

STARFSHÓPAR

Á ársþingi KSÍ 2012 var samþykkt að skipa 3-5 manna starfshóp sem ætlað var að fjalla um tillögu 13 félaga sem lögð var fram á því ársþingi. Tillagan fjallaði um að skýrsla dómara til aganefndar yrði birt á vef KSÍ, líkt og leikskýrsla með atvikum leiksins. Starfshópnum var ætlað að skila niðurstöðum sínum fyrir

lok keppnistímabilsins 2012. Á sama ársþingi var samþykkt að skipa þriggja manna starfshóp sem skyldi skoða aldursskiptingu í yngri flokkum og skila greinargerð um haustið. Jafnframt starfaði starfshópur stjórnar sem ætlað er að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar KSÍ.

TRÚNAÐARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, starfaði á árinu sem annar varaformanna í nefnd UEFA um mót landsliða sem m.a. sér um skipulagningu á úrslitakeppni EM karlalandsliða, ásamt því að vera í sérstökum starfshópi um markaðsmál fyrir undankeppnir stórmóta A landsliða karla. Þá er Geir einnig í nefnd FIFA sem skipuleggur úrslitakeppni HM U20 landsliða karla. Lúðvík Georgsson, stjórnarmaður KSÍ og formaður leyfissráðs, er í leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í nefnd UEFA um fjölmiðlamál. Viðar Halldórsson er fulltrúi Íslands í samtökum evrópskra knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA), en þau samtök hafa það hlutverk að gæta hagsmuna knattspyrnufélaga innan UEFA.

KSÍ á einnig sína fulltrúa á meðal alþjóðlegra eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, Guðmundur Pétursson, Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, störfuðu sem eftirlitsmenn á ýmsum leikjum á vegum UEFA og FIFA á árinu. Gylfi Þór Orrason, varaformaður KSÍ, Eyjólfur Ólafsson, Pjetur Sigurðsson,

Sigurður Hannesson og Ingi Jónsson störfuðu sem dómaraeftirlitsmenn. Þá starfaði Gunnar Gylfason, starfsmaður KSÍ, sem vettvangsstjóri UEFA (Venue Director) á UEFA leikjum félagsliða, og Ómar Smáráson, starfsmaður KSÍ, er á lista UEFA-fjölmíðlafulltrúa. Störfuðu þessir aðilar á fjölda leikja víðsvegar um Evrópu. KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi þátttaka í alþjóðlegum verkefnum viðurkenning á því starfi.

GEIR EFTIRLITSMANNA UEFA Í VARSJÁ

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var eftirlitsmaður UEFA á þeim leikjum úrslitakeppni EM 2012 sem fram fóru í Varsjá. Alls voru leiknir fimm leikir þar, þeirra á meðal opunarleikur keppinnar og annar undanúrslitaleikurinn. Geir er margreyndur í þessum störfum og var t.a.m. eftirlitsmaður UEFA á úrslitaleik Meistaradeildarinnar á Wembley árið 2011.

LARS Í TÆKNINEFND UEFA Á EM 2012

Þjálfari A landsliðs karla, Svíinn Lars Lagerbäck, var í tækninefnd UEFA ásamt nokkrum öðrum þekktum spekingum á úrslitakeppni EM 2012 í Póllandi. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með leikjum og útbúa skýrslu um hvert og eitt lið sem og mótið í heild, leikskipulag og fleira, að keppni lokinni.

STYRKUR ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ

KSÍ fékk á árinu úthlutað úr afrekssjóði ÍSÍ kr. 4.000.000 vegna verkefna A-landsliðs kvenna. Þá var KSÍ úthlutað kr. 600.000 úr styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna vegna U17 karla, sem komst í úrslitakeppni EM á árinu.

KÆRUR – ÚRSKURÐIR

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 8 kærur á árinu. Ein kæran var vegna leiks í meistaraflokki karla, en aðrar vegna leikja í yngri flokkum. Þrjú mál fóru fyrir áfrýjunardómstól KSÍ, þar af voru tvær áfrýjanir eftir venjubundna úrskurði aga- og úrskurðarnefndar, en öll málin voru vegna leikja í yngri flokkum.

Tindastóll kærði Keflavík vegna leiks á Íslandsmóti 3. flokks karla. Keflvíkingar notuðust við frjálssar innáskiptingar leikmanna og þann gjörning kærðu fulltrúar Tindastóls til aga- og úrskurðarnefndar, sem féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði Tindastóli 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Keflavík gert að greiða sekt.

Fjöltnir lagði fram kæru vegna leiks gegn Þrótti R. á Íslandsmóti 3. flokks karla þar sem Fjölnismenn töldu að leiktími síðari hálfleiks hefði verið of stuttur. Nefndin úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Allar aðrar kærur ársins til Aga- og úrskurðarnefndar voru vegna meintra ólöglega leikmanna.

Leiknir kærði Val þar sem fyrrnefnda liðið taldi Valsmenn hafa teft fram ólöglegum leikmanni í leik á Íslandsmóti 2. flokks karla. Aga- og úrskurðarnefnd var sammála kæranda,

dæmdi Leikni 3-0 sigur í leiknum og gerði Val jafnframt að greiða sekt. Valur áfrýjaði úrskurðinum til áfrýjunardómstóls KSÍ, sem staðfesti fyrri úrskurð Aga- og úrskurðarnefndar.

Í eina málinu tengdu leik í meistaraflokkum kærði Þróttur V. Hvíta Riddarann vegna leiks í 3. deild karla. Þróttarar töldu mótherja sína hafa teft fram ólöglegum leikmanni. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og dæmdi Þrótti 3-0 sigur. Jafnframt var Hvíta Riddaranum gert að greiða sekt.

Keflavík kærði Breiðablik vegna leiks í 3. flokki karla þar sem fyrrnefnda liðið taldi Blika hafa teft fram ólöglegum leikmanni. Nefndin úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Haukar kærðu Fjölni vegna leiks í 3. flokki kvenna vegna grunsemnda um að Fjölnir hefði teft fram ólöglegum leikmanni. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Hauka, dæmdi þeim 3-0 sigur í leiknum og gerði jafnframt Fjölni að greiða sekt.

Haukar kærðu Selfoss þar sem fyrrnefnda liðið taldi Selfyssinga hafa teft fram ólöglegum leikmanni í viðureign liðanna á Íslandsmóti 4. flokks kvenna. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda, dæmdi Haukum 3-0 sigur í leiknum og gerði Selfossi jafnframt að greiða sekt.

Loks lagði Valur fram kærnu vegna leiks við Gróttu á Íslandsmóti 2. flokks karla. Valsmenn töldu mótherja sína hafa teft fram ólöglegum leikmanni. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Vals, dæmdi þeim 3-0 sigur og gerði jafnframt Gróttu að greiða sekt.

Í tveimur tilfellum var reglubundnum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ, og í

báðum tilfellum var um að ræða lengd á leikbanni.

KF áfrýjaði úrskurði um þriggja leikja bann leikmanns í 3. flokki karla til áfrýjunardómstóls KSÍ, sem staðfesti niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar.

KA áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um 1 mánaðar leikbann þjálfara í 4. flokki karla til áfrýjunardómstóls KSÍ, en dómstóllinn staðfesti niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar.

ALLTAF Í BOLTANUM MEÐ KSÍ

KSÍ hefur síðan 2006 verið í samstarfi við öflug fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. Samningar þessir fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin voru sýnileg í allri starfsemi KSÍ. Fyrirtæki þessi eru Borgun, Coca-Cola (Vífelfell), Icelandair, Íslenskar getraunir og Landsbankinn. Þá átti KSÍ samstarf á árinu við Sjóvá, Guðmund Jónasson, Ísspor, Öskju, Icelandair Hotels, Bakarameistarann, Odda, Miða.is, Errea (Safalinn) og fleiri þjónustufyrirtæki.

SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ ICELANDAIR FRAMLENGDUR

Í apríl undirritaði formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, framlengingu á samstarfssamningi KSÍ við Icelandair og gildir samningurinn því út árið 2014, en fyrri samningur gildi út árið 2013. Samningurinn felur í sér víðtækt samstarf sem felst m.a. í því að öll landsliðin ferðast með Icelandair, sem er jafnframt einn af lykil-samstarfsaðilum KSÍ, *Alltaf í boltanum með KSÍ*.

•••••

FJÁRMÁL

Þessi kafli fjallar í samanteknu máli um heildarfjármagn sem fer til íslenskra félaga í gegnum KSÍ og UEFA. Þegar þær greinar sem koma hér á eftir eru teknar saman kemur í ljós að tæplega 400 milljónir króna renna beint til aðildarfélaga KSÍ. Í þessari tölu er þó t.a.m. ekki tekið tillit til yfirtöku KSÍ á kostnaði félaga við ferðir og upphald dómara.

HAGNAÐUR AF EM 2012 - 25MKR TIL ÍSLENSKRA FÉLAGA

UEFA ákvað á árinu að þau félög sem áttu leikmenn í landsliðum sem tóku þátt í Evrópukeppni landsliða 2012 fengju hlutdeild í hagnaði keppinnar, alls 100 milljónir evra skv. samkomulagi UEFA og ECA (European Club Association), sem eru samtök knattspyrnufélaga í Evrópu. Um það bil 580 knattspyrnufélög í öllum aðildarlöndum UEFA fengu skerf af þessum fjármunum. Í fyrsta sinn fengu félög sem áttu leikmenn í undankeppninni framlag og var ákveðið að 40 milljónir evra færu til félaga vegna undankeppinnar en 60 milljónir til þeirra félaga sem áttu leikmenn í úrslitakeppninni. Þessum 40 milljónum evra var skipt jafnt á 53 landslið Evrópu og komu því tæplega 755 þúsund evrur (rúmlega 110 milljónir íslenskra kr. á þáverandi gengi) í hlut þeirra félaga sem áttu leikmenn í landsliði Íslands í keppninni. Í undankeppninni nær framlagið til félaga sem áttu leikmann skráðan á leikskýrslu (að hámarki 18 í hverjum leik). Íslensk félög fengu samkvæmt þessari ákvörðun um 25 mkr. í sinn hlut. Framlagið byggist á þátttöku íslenskra leikmanna með landsliði Íslands og leikmönnum skráðum á Íslandi sem

voru í landsliði Færeyja. Fimm íslensk félög fá því framlagið og skiptist það svo samkvæmt ákvörðun UEFA:

- Valur um 10 milljónir króna
- FH um 6 milljónir króna
- Breiðablik um 4,5 milljónir króna
- KR um 3 milljónir króna
- Fram um 1,5 milljónir króna

85 MILLJÓNIR KRÓNA TIL BARN- OG UNGLINGASTARFS

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnis-tímabilið 2011/2012 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglunga, samkvæmt ákvörðun UEFA sem tilkynnt var um í nóvember. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2012 fór fram um haustið og fengu íslensk félög um 43 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingastarfs. UEFA setti eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu sinni:

- 1) Greiðslan færi í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband.
- 2) Aðeins félög sem léku í efstu deild og uppfylltu lágmarkskröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglingastarf gætu fengið greiðslu.
- 3) Fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi knattspyrnusambands.
- 4) Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2011/2012 skyldu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði staðfesti stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem léku í Pepsi-deild karla árið 2012, en í þeirri deild hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a. kröfur um samþykkt áætlun um uppeldisstarf).

Stjórn KSÍ samþykkti jafnframt að leggja til um 40 milljónir króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaganna í öðrum deildum og utan deilda, en skipting á framlagi til barna- og unglingastarfs

var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu kr. 3.620.000 (sem er fyrrgreint framlag UEFA), félög úr 1. deild fengu kr. 1.600.000, félög í 2. deild karla fengu kr. 1.100.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun var háð því að félög hafi haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samþykkt stjórnar KSÍ byggði á samráði við aðildarfélagin og almennri sátt um skiptingu fjármunanna.

Greiðslan til félaganna var skilyrt þannig að hún skyldi renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Samtals var því framlag til barna- og unglingastarfs fyrir árið 2012 um 85 milljónir króna.

UM 147 MILLJÓNIR VEGNA ÞÁTTTÖKU Í UEFA-KEPPNUM

Þau íslensku félög sem tóku þátt í UEFA-keppnum 2012 fengu í sinn hlut samtals um 147 milljónir króna, KR um 58 milljónir (340.000 evrur) fyrir þátttöku í forkeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League), og Íslandsmeistaratitilinn 2011, FH og Þór um 34 milljónir (tvær umferðir, 100.000 evrur per umferð) hvort félag fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA (UEFA Europa League) og ÍBV um 17 milljónir (100.000 evrur), einnig fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA. Kvinnalið Stjörnunna fékk svo um 3,5 milljónir króna (20.000 evrur) vegna þátttöku í 32 liða úrslitum UEFA Meistaradeildar kvenna.

FRAMLAG UEFA 580 MILLJÓNIR

Hér að framan hefur verið greint frá framlögum UEFA til íslenskra félagsliða, en þau námu alls um 215 milljónum króna. Þá er ótalið framlag UEFA til KSÍ að upphæð 365 milljónir króna. Þetta gerir því alls um 580 milljónir króna, sem sýnir hversu öflugur stuðningur UEFA er við aðildarsambönd sín.

BREYTING SEM TRYGGIR TEKJUR MINNI SAMBANDA

Nokkrar breytingar verða á fyrirkomulagi sjónvarps- og markaðs-réttinda A-landsliða karla frá og með undankeppni EM 2016. Í stað þess að hvert og eitt knattspyrnusamband selji þessi réttindi mun UEFA hafa yfirmumsjón með sölu réttindanna fyrir hönd aðildarsambandanna og er það svipað fyrirkomulag og unnið er eftir í Meistaradeild UEFA og Evrópudeild UEFA (*Centralized Marketing*). Þessi breyting er gerð með samþykki aðildarlanda UEFA og miðar ekki síst að því að tryggja tekjur minni knattspyrnusambandanna af þessum réttindum. Samkomulag um þessa breytingu gildir fyrir undankeppni EM 2016, eins og greint er frá hér að ofan, og fyrir undankeppni HM 2018.

124 MKR FYRIR SJÓNVARPS- OG MARKAÐSRÉTTINDI

Félög í Pepsi-deild og Borgunarbikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðs-réttindi samkvæmt samningi Sportfive og KSÍ, samtals að upphæð um 124 milljónir króna. Meginhlutinn, eða 102 milljónir króna var vegna Pepsi-deilda, en 22 milljónir vegna Borgunar-

bikars. Innifalið í þessum tölum er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

Pepsi-deild karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	ÍBV	500.000
4	KR	300.000
5	Stjarnan	300.000
6	ÍA	300.000
7	Fylkir	300.000
8	Valur	300.000
9	Keflavík	200.000
10	Fram	200.000
11	Selfoss	200.000
12	Grindavík	200.000
		4.500.000

Borgunarbikar karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Stjarnan	500.000
3-4	Grindavík	300.000
3-4	Þróttur R.	300.000
5-8	ÍBV	200.000
5-8	Fram	200.000
5-8	Selfoss	200.000
5-8	Víkingur R.	200.000
9-16	Afturelding	137.500
9-16	Breiðablik	137.500
9-16	Fylkir	137.500
9-16	Höttur	137.500
9-16	KA	137.500
9-16	KB	137.500
9-16	Reynir S.	137.500
9-16	Valur	137.500
		4.000.000

Pepsi-deild kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Þór/KA	1.000.000
2	ÍBV	700.000
3	Stjarnan	500.000
4	Valur	300.000
5	Breiðablik	300.000
6	FH	300.000
7	Afturelding	300.000
8	Selfoss	300.000
9	Fylkir	200.000
10	KR	200.000
		4.100.000

Borgunarbikar kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Valur	500.000
3-4	KR	300.000
3-4	Þór/KA	300.000
		2.100.000

STYRKIR TIL LEYFIS-UMSÆKJENDA HÆKKADIR

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar að greiða öllum 24

félögunum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla og 1. deild karla 500 þúsund krónur, sem greiddist í tveimur hlutum, samanlagt kr. 12.000.000.

Í október samþykkti stjórnin síðan að hækka þennan styrk í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2013 og hlýtur þá hvert félag í Pepsi-deild kr. 1.000.000 og í 1. deild kr. 750.000. Fjárhæðinni er fyrst og fremst ætlað að standa undir þeim kostnaði sem félögin verða fyrir vegna endurskoðunar og gerðar ársreikninga félaganna. Heildarupphæð þessara styrkja er því kr. 19.000.000 vegna leyfisumsókna fyrir keppnistímabilið 2013.

ÚTGJÖLD VEGNA DÓMGÆSLU NÁLGAST 100 MILLJÓNIR KR

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu á árinu 2012 voru 96 milljónir króna, sem er hækkun um tæpar fjórar milljónir frá fyrra ári. Þess má geta að árið 2008 var þessi tala tæpar 50 milljónir króna og þar af greiddu félögin tæpar 13 milljónir vegna ferða og uppihalds dómara. Kostnaður vegna dómgæslu hefur því vaxið mikið á síðustu árum. Stærstu liðirnir í ár, eins og áður, voru ferðakostnaður, laun og tengd gjöld, um 81 milljón króna.

Eins og fyrri ár ákvað stjórn KSÍ að sambandið myndi taka yfir ferða- og uppihaldskostnað dómara fyrir árið 2012 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum Borgunarbikarsins. Þar með var ljóst að niður féllu öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttökutilkynningum mfl.,

sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaga á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft. Við þetta lækkaði kostnaður félaganna um hátt í 40 milljónir króna.

FJÁRHAGSSTAÐAN TRAUST

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2012 námu 842 milljónum króna samanboreð við 777 milljónir króna á árinu 2011. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi frá UEFA. Rekstrarkostnaður KSÍ var um 795 milljónir króna og var nokkru hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Ástæður þess eru fyrst og fremst aukinn kostnaður við landsliðsverkefni sem voru fleiri á árinu en gert var ráð fyrir.

Rekstrarhagnaður ársins nam tæpum 48 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir rúmlega 63 milljóna króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er hagnaður af starfsemi KSÍ ríflega 72 milljónir króna.

Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu 72 milljónum króna vegna barna- og unglingsstarfs, leyfiskerfis og fleira. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum og framlögum að fjárhæð 77 milljónum. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga nam hagnaður ársins því um hálfri milljón króna.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé hækkar á milli ára og var nú í árslok um 473 milljónir króna. Eignir eru metnar á 892 milljónir króna. Eigið fé KSÍ var ríflega 228 milljónir króna í árslok.